



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**MIS ritgerð
í upplýsingafræði**

„Bókasöfn geta verið allt“
Staða almenningsbókasafna á landsbyggðinni

Steinunn Brynja Óðinsdóttir

Leiðbeinandi: Dr. Ágústa Pálsdóttir
Júní 2023

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI- OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

„Bókasöfn geta verið allt“
Staða almenningsbókasafna á landsbyggðinni

Steinunn Brynja Óðinsdóttir

Lokaverkefni til MIS-gráðu í upplýsingafræði

Leiðbeinandi: Ágústa Pálsdóttir

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2023

„Bókasöfn geta verið allt“ : Staða almenningsbókasafna á landsbyggðinni.

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til MIS prófs við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

© 2023 Steinunn Brynja Óðinsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Reykjavík, 2023

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni til MIS-gráðu í upplýsingafræði við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands og er metin til 30 eininga. Verkefnið er eigindleg rannsókn sem ætlað er að skoða stöðu almenningsbókasafna á landsbyggðinni með því að fá innsýn í það hvert viðhorf starfsfólksins er til starfseminnar, þróunar hennar og framtíðarsýnar.

Leiðbeinandi minn við lokaverkerfið var dr. Ágústa Pálsdóttir og vil ég þakka henni fyrir góða leiðsögn og endalausa þolinmæði við ritgerðarskrif. Foreldrum mínum, eiginmanni og vinum þakka ég alla þá þolinmæði og stuðning sem þau hafa sýnt mér meðan á skrifum stóð. Sérstakar þakkir fá svo allir viðmælendur rannsóknarinnar en án þeirra hefði rannsóknin aldrei orðið til.

Útdráttur

Markmiðið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á stöðu almenningsbókasafna á landsbyggðinni með því að fá innsýn í viðhorf starfsfólks bókasafna til starfseminnar, þróunar hennar og framtíðarsýnar. Þá er áhugavert að sjá hvort þróunin á höfuðborgarsvæðinu frá bókasöfnum í menningarhús hafi einnig orðið úti á landi.

Um er að ræða eigindlega rannsókn sem byggir á viðtölum við sex starfsmenn almenningsbókasafna á landsbyggðinni. Helstu niðurstöður benda til þess að staða almenningsbókasafna á landsbyggðinni sé misjöfn. Það sem virðist hafa mest áhrif á stöðu safnanna er hversu mikinn stuðning þau fá frá bæjarstjórnendum og hversu góða aðstöðu þau hafa. Fram kom að á þeim stöðum þar sem stuðningur frá bæjarstjórn er lítill sem enginn eru söfnin í of litlu húsnæði. Aðstaða þessara safna kemur í veg fyrir að hægt sé að bjóða upp á þá þjónustu sem fylgir breyttu hlutverki bókasafna. Misjafnt var hver viðmælendum fannst staða safnanna vera í samfélaginu en allir voru þeir sammála um að gott húsnæði skipti miklu máli fyrir starfsemi bókasafna.

Abstract

The aim of this research is to shed light on the status of public libraries in rural Iceland by getting an insight into the views of library staff towards activities, development, and their future vision regarding the libraries. It is interesting to see if this development of libraries into cultural centers, which has been noticeable in libraries in the capital area, has also taken place in rural areas.

This is a qualitative study based on interviews with six library employees of public libraries in rural Iceland. The main results indicate that the status of public libraries in rural areas varies. It seems that the public libraries' status depends on whether they have support from the local government and how good the facilities are. In the places where the libraries have little or no support from the local government the facilities are too small. The incompetent facilities prevent the libraries from being able to offer the best variety of services possible. Interviewees differed in their opinion of the role of public libraries in society, but they all agreed that good facilities are very important for the services libraries offer.

Efnisyfirlit

Formáli	5
1 Inngangur	10
2 Fræðileg umfjöllun	12
2.1 Kenningar Habermas um almannarýmið	12
2.2 Þriðji staðurinn	13
2.3 Líkan Henriks Jochumsen	14
2.4 Yfirlýsing UNESCO um almenningsbókasöfn	15
2.5 Alþjóðlegar rannsóknir á starfsemi bókasafna	15
2.6 Almenningsbókasöfn á Íslandi	18
2.6.1 Lestrarfélög	18
2.6.1.1 Lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir	19
2.6.2 Fyrstu almenningsbókasöfnin	21
2.6.2.1 Lagaumhverfi almenningsbókasafna	21
2.6.2.2 Krafa um menntun	23
2.6.2.3 Húsnæði og fjárframlög	25
2.7 Hlutverk almenningsbókasafna í stöðugri þróun	27
2.8 Framtíð bókasafna á Íslandi	29
3 Aðferðafræði	32
3.1 Markmið og rannsóknarspurningar	32
3.2 Framkvæmd rannsókna	32
3.2.1 Þátttakendur	33
3.2.2 Takmarkanir, siðferðisleg álitamál og ávinningur	34
4 Niðurstöður	36
4.1 Starfsemi og þjónusta	36
4.1.1 Hvað eiga bókasöfn að vera að gera?	36
4.1.2 Þjónusta almenningsbókasafna	38
4.1.2.1 Opnunartími	39
4.1.2.2 Safnkostur	40
4.1.2.3 Fjárveitingar	42
4.1.2.4 Viðburðir	43
4.1.2.5 Markaðssetning	45
4.1.2.6 Samstarf við skóla	45
4.1.2.7 Hvað má gera betur?	47
4.2 Húsnæðismál	48
4.2.1 Aðstaða	48
4.2.2 Staðsetning	51

4.3 Staða safnanna og framtíðarsýn	52
4.3.1 Staða almenningsbókasafna í samfélaginu	52
4.3.2 Stuðningur frá bæjarstjórn	54
4.3.3 Framtíðarsýn	55
5 Umræða	58
5.1 Viðhorf til þróunar á starfsemi	58
5.2 Staða almenningsbókasafna í samfélaginu	60
5.3 Framtíðarsýn	62
6 Lokaorð	64
Heimildaskrá	65

1 Inngangur

Hlutverk almenningsbókasafna hefur þróast töluvert með breyttri starfsemi og nýjum áherslum. Samkvæmt nágildandi lögum um bókasöfn nr. 150/2012 er hlutverk þeirra að jafna aðgang að menningu og þekkingu. Áherslan er að færast frá útláni á safnkosti yfir í hvernig hægt sé að koma til móts við breytilegar þarfir notenda safnanna. Síðustu ár hafa orðið umtalsverðar umbreytingar á bókasöfnum og mikil þróun orðið innan upplýsingafræðigreinarinnar. Til dæmis sést að hugtakið er orðið víðara með því að skoða orðanotkun innan fræðigreinarinnar, nú er ekki lengur talað um bókasafnsfræðinga heldur notum við orðið upplýsingafræðingar. Einnig eru sum bókasöfn í dag titluð menningarhús eða upplýsingamiðstöðvar sem gefur til kynna aukna starfsemi.

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar erlendis á breyttu hlutverki bókasafna sem sýna fram á að bókasöfn séu að þróast yfir í að vera almannarými en ekki bara útlánastöðvar (Johnston o.fl., 2022). Einnig hafa fræðimenn lagt fram kenningar sem hægt er að tengja við þessa þróun almenningsbókasafna eins og kenningu Ray Oldenburg (1997) um þriðja staðinn.

Hugmyndin að þessari rannsókn varð til við fyrirlestur sem haldinn var í námskeiðinu *Stjórnun og stefnumótun* vorið 2019 þar sem Alda Hrannardóttir upplýsingafræðingur sagði frá því þegar hún tók við stöðu forstöðumanns á bókasafninu á Patreksfirði og lagðist í heilmiklar breytingar á safninu. Síðan þá hefur þessi hugmynd tekið ýmsum breytingum og þróast í það sem hún er orðin í dag, að varpa ljósi á stöðu almenningsbókasafna á landsbyggðinni með því að fá innsýn í viðhorf starfsfólks bókasafna til starfseminnar, þróunar hennar og framtíðarsýnar.

Rannsóknin byggir á eigindlegri aðferðafræði. Tekin voru viðtöl við starfsmenn sex almenningsbókasafna á landsbyggðinni. Rannsóknarspurningarnar eru þrjár:

- 1) Hvert er viðhorf starfsfólks almenningsbókasafna á landsbyggðinni til þróunar á starfseminni?
- 2) Hvernig telur starfsfólkið stöðu bókasafnanna vera í samfélaginu þar sem þau eru rekin?
- 3) Hver er framtíðarsýn starfsfólksins varðandi starfsemi bókasafnanna?

Markmiðið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á stöðu almenningsbókasafna á landsbyggðinni með því að fá innsýn í viðhorf starfsfólks þeirra til starfseminnar, þróunar hennar og framtíðarsýnar. Almenningsbókasöfn á höfuðborgarsvæðinu hafa verið að þróast yfir í það að vera menningarhús þar sem áherslur í starfsemi eru fleiri þættir en útlán á safnkosti. Áhugavert væri að sjá hvort og þá hvernig almenningsbókasöfn á landsbyggðinni taka þátt í þeirri þróun.

Ritgerðin samanstendur af sex köflum. Í inngangi er rannsóknin og markmið hennar kynnt. Í öðrum kafla er fræðileg umfjöllun um almenningsbókasöfn, upphaf þeirra og lagaumgjörð. Einnig verður farið yfir helstu kenningar og hugtök upplýsingafræðinnar ásamt því að rýnt verður í erlendar rannsóknir á starfsemi bókasafna. Í þriðja kafla er greint frá aðferðafræði rannsóknarinnar. Í fjórða kafla eru niðurstöður rannsóknarinnar lagðar fram. Í fimmta kafla eru umræður þar sem niðurstöður rannsóknarinnar eru settar í samhengi við fræðilega umfjöllun úr kafla tvö. Í sjötta kafla eru helstu niðurstöður dregnar saman í lokaorðum.

2 Fræðileg umfjöllun

Hér verður farið yfir sögu almenningsbókasafna á Íslandi og hvernig starfsemi þeirra hefur þróast síðustu áratugi. Greint verður stuttlega frá alþjóðlegum rannsóknum sem gerðar hafa verið á þróun starfsemi bókasafna og farið yfir helstu hugtök og kenningar í upplýsingafræðinni. Fjallað verður um lestrarfélögin sem voru undanfarar almenningsbókasafnanna og fyrstu bókasöfnin. Því næst verður fjallað um lagaumhverfi almenningsbókasafna og hvernig þau styðja við stöðuga þróun þeirra. Í lokin verður farið stuttlega yfir nýjungar í starfsemi og þjónustu bókasafna en einnig hvert framtíðarhlutverk almenningsbókasafna er á Íslandi.

2.1 Kenningar Habermas um almannarýmið

Jürgen Habermas, heimspekingur, lagði fram kenningu um almannarýmið (e. public sphere). Hann skilgreinir það sem lýðræðislegt svæði eða vettvang í félagslífinu þar sem einstaklingar geta hist til að ræða saman, skiptast á skoðunum og greina samfélagsleg vandamál (Habermas, 1989). Habermas fjallar um sögu og uppruna almannarýmisins í bók sinni *The Structural Transformation of the Public Sphere*. Þar lýsir hann grísku samfélagi sem hann telur vera uppruna almannarýmisins og tekur sem dæmi markaðstorgið, opinberan stað þar sem frjálsir borgarar hittust og skiptist á skoðunum. Hann fjallar svo um hvernig almannarýmið hefur breyst í gegnum aldirnar og nefnir meðal annars hvernig stásstofur ríka fólksins urðu að eins konar almannarými þegar haldnar voru veislur eða fólki boðið heim í stofu þar sem konan sat við píanó og spilaði og söng og karlarnir ræddu um pólitík (Habermas, 1989). Þess konar opinber umræða eins og hann lýsir fer í dag að mestu leyti fram í gegnum fjölmiðla og á kommentakerfum fréttamiðla en einnig á samkomustöðum eins og bókasöfnum þar sem fólk mætir til að hitta aðra og ræða um daginn og veginn.

Almenningsbókasöfn eru lýðræðislegir staðir þar sem allir eru jafningjar og fólk getur skipst á skoðunum og tekið þátt í opinberri umræðu. Almenningsbókasöfn gerir það að verkum að hlutir og skoðanir eru opinberaðir og eru öllum sýnileg (Habermas, 1989). Rannsóknir byggðar á kenningum Habermas um almannarými (e. public sphere) hafa verið ráðandi í rannsóknum um bókasöfn sem almannarými, sérstaklega í Evrópu, síðan á

áttunda áratugnum. Kenningar Habermas komu hins vegar tiltölulega seint inn í upplýsingafræðina. Ein ástæða fyrir því er líklega sú að rannsóknir í upplýsingafræði eru að mestu framkvæmdar í Bandaríkjunum og Bretlandi. Fræðigreinar Habermas voru ekki þýddar á ensku fyrr en um 1989, 17 árum eftir að fyrsta norska þýðingin á verkum hans kom út (Audunson o.fl., 2019).

2.2 Þriðji staðurinn

Félagsfræðingurinn Ray Oldenburg (1997) lagði fram kenninguna um þriðja staðinn í bók sinni *The Great Good Place*. Hann taldi það vera mikilvægt fyrir samfélagið að hafa þennan stað, þriðja staðinn, þar sem fólk geti hist í afslöppuðu, hlutlausu umhverfi þar sem allir eru velkomnir. Fyrsti staðurinn sé heimilið og annar staðurinn vinnustaðurinn. Hann segir þriðja staðinn vera hjarta samfélagsins. Það sé staður lýðræðis þar sem fólk geti komið, notið þess að vera í góðum félagsskap og átt í uppörvandi samræðum. Það skilji þá allar áhyggjur um heimili og vinnustað eftir þegar það kemur inn á þriðja staðinn. Oldenburg segir að það sé aðallega andrúmsloftið sem fólk sækist í en ekki endilega það sem reksturinn hefur upp á bjóða eins og matur eða drykkur. Oldenburg segir opnunartíma og staðsetningu þriðja staðarins samt sem áður vera mikilvæga. Það verður að vera opið á þeim tíma sem fólk er búið í vinnunni og kostur er að staðurinn sé í göngufjarlægð svo það sé auðvelt að nálgast hann.

Harris (2007) minnst einnig á mikilvægi þriðja staðarins. Hún nefnir nokkur dæmi sem styðja þau rök að það að reka kaffihús samhliða bókasafni auki gæði og ásókn á safnið. Eitt dæmi um það er almenningsbókasafnið í Marion í Suður-Ástralíu. Þar telur starfsfólkið aðalástæðuna fyrir því að útlánatölur hafi hækkað og notkun á rými bókasafnsins aukist sé vegna þess að lánþegar geti notið þess að fá sér kaffibolla á meðan þeir eru á safninu.

Goulding nefnir hins vegar í bók sinni *Public Libraries in the 21st Century* að það geti haft neikvæð áhrif ef bókasöfn deila húsnæði með annarri starfsemi eða eru staðsett í verslunarmiðstöðvum. Það stafar af því að þá er mögulega verið að ýta undir neysluhyggju þannig að fólki finnist sem það verði að kaupa eitthvað. Þetta stemmir ekki við ímynd almenningsbókasafna sem hlutlaust og aðgengilegt rými þar sem allir eru velkomnir (Goulding, 2016). Hafa verður í huga að bókasöfn eru meðal fárra staða í dag þar sem ekki er ætlast til þess að fólk eyði pening. Því væri mögulega betra fyrir bókasöfn að bjóða upp á kaffi eins og gert er á mörgum söfnum, án endurgjalds, í stað þess að reka kaffihús í sama

rými. Í stað þess að fólk greiði fyrir kaffi er hægt að setja fram bauk fyrir frjáls framlög fyrir þá notendur sem vilja styrkja safnið.

Oldenburg (1997) telur upp staði sem hann skilgreinir sem þriðja staðinn eins og kaffihús og bari en minnst þó sjálfur aldrei á bókasöfn sem þriðja staðinn. Almenningsbókasöfn eru staðir fyrir almenning til þess að hittast og eyða tíma saman eða jafnvel bara fyrir fólk sem býr eitt til þess að komast út úr húsi svo það einangrist ekki. Fjölskyldur koma og eiga samverustund í barnadeildinni og fólk á öllum aldri mætir á bókasafnið til þess að lesa blöðin, læra, hitta fólk eða mæta á viðburði sem bókasafnið býður upp á. Því má segja að bókasöfnin falli undir skilgreiningu Oldenburgs sem „þriðji staðurinn“.

2.3 Líkan Henriks Jochumsen

Henrik Jochumsen (2012) bjó til líkan sem sýnir hvernig greina megi starfsemi almenningsbókasafna í fjögur svæði. Samkvæmt líkaninu er ætlunarverk bókasafna að styðja við markmið safnanna en þau eru upplifun (e. experience), þátttaka (e. involvement), valdefling (e. empowerment) og nýsköpun (e. innovation). Svæðin fjögur sem hann telur að skipta eigi starfsemi safnanna í eru: Skapandi svæðið (e. inspiration space) sem er tileinkað upplifunum og reynslu sem hefur áhrif á skynjun okkar, það geta til dæmis verið sögustundir, ljóðalestur og önnur listræn tjáningarform óháð miðli og menningu. Námsgæðið (e. learning space) er svæði tileinkað lærdómi þar sem börn og ungmenni geta sótt sér fræðslu þar sem bókasöfnin veita greiðan aðgang að upplýsingum og þekkingu. Fundarsvæðið (e. meeting space) er opið almenningsvæði, staður mitt á milli vinnu og heimilis þar sem almenningur getur hist. Þetta almenningsvæði veitir notendum safnanna rými þar sem öll eru velkomin óháð kyni, þjóðerni og bakgrunni til að hittast og spjalla eða til að setjast niður með kaffibolla og lesa blöðin. Gjöfningarsvæðið (e. performance space) er vettvangur fyrir miðlun og listsköpun og undirstrikar þátttöku og nýsköpun innan safnanna. Hér geta notendur fengið innblástur til að skapa, þeir hafa aðgang að tólum og tækjum sem styðja við skapandi störf þeirra og geta fengið stuðning til dæmis með ýmsum vinnustofum og smiðjum (Henrik Jochumsen, 2012).

2.4 Yfirlýsing UNESCO um almenningsbókasöfn

Í yfirlýsingu Menningarmálastofnunar Sameinuðu Þjóðanna eða UNESCO (1994) eru talin upp tólf markmið almenningsbókasafna. Þau eru meðal annars að tryggja aðgang almennings að upplýsingum, hvetja til umræðu um menningarleg tengsl og menningarlega fjölbreytni. Enn fremur að styðja menntun á öllum stigum sem og sjálfsnám, örva og styrkja lestrarvenjur barna og efla vitund um menningararf, gildi lista, vísindaafreka og uppgötvana. Samkvæmt UNESCO eru almenningsbókasöfn upplýsingamiðstöðvar sem veita notendum aðgang að alls konar þekkingu og upplýsingum. Þjónustan er veitt á grundvelli jafnræðis án tillits til aldurs, kynþáttar, kynferðis, trúarbragða, þjóðernis, tungumáls eða félagslegrar stöðu. UNESCO lýsir því yfir að almenningsbókasöfn séu tæki til menntunar, menningar og upplýsinga og megin afl til að rækta frið og andlega velferð í hugum fólks. Einnig kemur fram að aðgangur að almenningsbókasöfnum eigi að vera ókeypis. Söfnin eiga að vera rekin á ábyrgð sveitarfélags eða ríkis og fjármagnað með framlögum frá ríki og sveitarfélögum (UNESCO 1994).

Í yfirlýsingu UNESCO (1994) kemur einnig fram að móta skuli skýra stefnu þar sem markmið, forgangsröð og þjónusta er skilgreind með þarfir sveitarfélagsins í huga. Bókasöfnin þurfi að vera vandlega skipulögð og starfsemin þurfi að standast faglegar kröfur. Allir íbúar sveitarfélags skulu eiga greiðan aðgang að almenningsbókasafni. Til þess að það sé hægt þarf bókasafnið að vera vel staðsett, hafa góða lestrar- og námsaðstöðu, viðunandi tæknivæðingu og mikilvægt er að opnunartími mæti kröfum notenda. Efla þarf þjónustu við þá sem ekki komast á safnið og aðlaga þjónustuna að mismunandi þörfum hvers sveitarfélags. Í yfirlýsingunni er stuttlega minnst á það að fagþekking og endurmenntun starfsfólks bókasafna sé mikilvægur þáttur í að tryggja góða þjónustu (UNESCO 1994).

2.5 Alþjóðlegar rannsóknir á starfsemi bókasafna

Ekki hafa verið gerðar margar rannsóknir á þróun starfsemi íslenskra almenningsbókasafna. Þá er átt við þá þróun að veita lánþegum einungis aðgang að bókakosti yfir í að veita fjölbreyttari þjónustu almennt sem upplýsinga- og menningarmiðstöðvar. Hins vegar hafa verið gerðar alþjóðlegar rannsóknir á þróun starfsemi almenningsbókasafna og ýmsar kenningar verið lagðar fram um almenningsbókasöfn sem opin rými eða stað til að vera á. Meðal þeirra eru kenningar

Habermas um almennarými (e. public sphere), kenningar Oldenburg um þriðja staðinn (e. the third place) og líkan Henriks Jochumsen um hvernig greina megi starfsemi almenningsbókasafna í fjögur svæði. Komið hefur fram að skortur sé á rannsóknum á bókasöfnum sem almennarými (e. public sphere). Rannsóknir af þessu tagi hafi aukist síðustu ár en rannsakendur eru fáir (Audunson o.fl., 2019). Með almennarými er fyrst og fremst átt við stað í félagslífinu þar sem allir geta tjáð skoðun sína á opinberum vettvangi (Habermas, 1989). Heiti safnanna gefur til kynna að söfnin séu almenningsrými, að þau séu opin fyrir almenning og hins vegar að söfnin séu fjármöggnuð með framlögum frá hinu opinbera; ríki og sveitarfélögum (Audunson o.fl. 2019).

Hlutverk bókasafna, skjalasafna og annarra safna er að breytast, á síðustu áratugum hafa öll þrjú fagsviðin orðið fyrir miklum hugmyndafræðilegum breytingum. Með stafrænu væðingunni og annars konar þróun á heimsvísu hafa allar þessar stofnanir þurft að endurskoða hlutverk sitt. Auk þess að varðveita og efla menningararf og vera fræðsluvettvangur er nú einnig lögð áhersla á hlutverk þessara stofnana sem fundarstaðar og vettvangs sem heldur uppi hugmyndinni um almennarými með því að viðhalda lýðræðislegum gildum í samfélaginu (Audunson o.fl., 2020).

Ragnar Audunson, Hans-Christoph Hobohm og Máté Tóth, gerðu rannsókn á því hvernig upplýsingafræðingar, skjalaverðir og safnafræðingar upplifa hlutverk stofnanna sinna sem almennarými. Rannsóknin fór fram í formi spurningalista sem sendur var á upplýsingafræðinga, skjalaverði og safnafræðinga í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Þýskalandi og Ungverjalandi. Í ljós kom að viðburðir á almenningsbókasöfnum eru taldir vera ein mikilvægasta þjónusta safnanna. Næstum allir þátttakendur sögðust bjóða upp á þessa þjónustu og að hún væri mjög mikilvæg. Fram kom að bókasöfnin telja sig efla lýðræði með því að vera vettvangur opinberrar umræðu. Bókasafnið er mikilvægur samkomustaður í samfélaginu, það stuðlar að nýsköpun með því að bjóða upp á ýmis konar starfsemi svo sem leshringi, þrjónaklúbba, ljóðalestur eða smiðjur af ýmsu tagi. Það stuðlar að aðlögun og félagslegri samheldni með því að vera samkomustaður þvert á þjóðerni og menningu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna enn fremur fram á að upplýsingafræðingar í löndunum fimm telja að mikilvægustu hlutverk bókasafnanna sé að vera fræðsluvettvangur og samkomustaður. Bókasafnið sem vettvangur fyrir opinbera umræðu og nýsköpun eru ekki talin gegna jafn mikilvægu hlutverki (Audunson o.fl., 2020).

Gerð var rannsókn á afstöðu starfsfólks almenningsbókasafna í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi til starfsemi leshringja (e. social readings). Í ljós kom að stærri

samfélög á Íslandi og í Svíþjóð telja leshringi gegna mikilvægu hlutverki í þjónustu og starfsemi safnanna en smærri samfélögunum í þessum tveimur löndum finnst leshringir ekki gegna jafn mikilvægu hlutverki. Aftur á móti voru það svo smærri samfélögin í Danmörku og Noregi sem finnst leshringir vera mikilvægur partur af þjónustu og starfsemi almenningubókasafnanna. Rannsóknin var unnin út frá kenningum Habermas um almennarými (Rydbeck o.fl., 2022).

Nýlega var gerð rannsókn um það hvernig starfsfólk bókasafna upplifir hlutverk sitt og hvernig almenningubókasöfn styðji við myndun almennarýmisins. Rannsóknin fór fram í formi spurningalista sem lagður var fyrir starfsfólk bókasafna í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Íslandi, Póllandi, Þýskalandi og Ungverjalandi. Niðurstöður gefa til kynna að bókasöfn í þessum sjö löndum sem rannsóknin náði yfir hafi þróast frá því að veita almenningi einungis aðgang að bókakosti yfir í að vera félagslegt-, fræðslu-, og skapandi rými, bæði stafrænt og í raunheimum. Meðal annars kom í ljós að hlutverk bókasafna við að stuðla að jöfnum aðgangi að þekkingarauðlindum, bókmenntum og menningarupplifun er talin vera mikilvægasta ástæðan fyrir því að viðhalda bókasöfnum í sex af þessum sjö löndum. Þar af var Svíþjóð eina landið sem skilgreindi mikilvægi þessara hlutverka safnanna í þriðja sæti. Einnig kom fram mikilvægi þess að bókasafnið sé samkomustaður í samfélaginu. Það hlutverk var í öðru sæti í Þýskalandi, Íslandi og Svíþjóð og í fjórða sæti í Danmörku og Noregi. Nær allt starfsfólk bókasafna í löndunum sjö segir að þau skipuleggi viðburði á bókasafni sínu og langflest þeirra telja þessa starfsemi mikilvæga. Um það bil helmingur svarenda segir að þau hafi boðið upp á leshringi. Mikill meirihluti svarenda í Danmörku, Íslandi og Póllandi segja að söfnin leggi mikla áherslu á leshringi. Hins vegar leggja mun færri svarendur í Ungverjalandi, Noregi og Svíþjóð mikla áherslu á það og langfæstir í Þýskalandi. Þessar niðurstöður benda til þess að bókasöfn séu ekki lengur bara útlánastöðvar heldur séu þau að þróast yfir í almennarými (Johnston o.fl., 2022).

Niðurstöður úr ofangreindum rannsóknum gefa til kynna að hlutverk bókasafna hafi þróast og tekið miklum breytingum í gegnum árin. Þess vegna telja rannsakendur að þörf sé á eigindlegum rannsóknum á viðhorfi starfsfólks bókasafna til starfsins og safnanna sem gæti veitt dýpri skilning á þeim breytingum sem hafa átt sér (Johnston o.fl., 2022).

2.6 Almenningsbókasöfn á Íslandi

Almenningsbókasöfn á Íslandi hafa tekið ýmsum breytingum síðan þau litu fyrst dagsins ljós um aldamótin 1800. Upphaflega voru þau kölluð lestrarfélög og nýttust ekki öllum sem skyldi meðal annars vegna hárra árgjalda (Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, 1997). Með lagasetningu um almenningsbókasöfn var komið á styrkjum til safnanna og með því gátu fleiri nýtt sér þjónustu þeirra. Fyrstu lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir nr. 57/1937 gerðu það að verkum að félögin gátu sótt um styrki frá ríkinu, síðan þá hefur ýmislegt breyst, fyrstu lög um almenningsbókasöfn voru samþykkt árið 1955 (Lög um almenningsbókasöfn nr. 42/1955) og í framhaldi af því hafa lögini verið endurskoðuð fjórum sinnum, núgildandi lög eru bókasafnalög nr. 150/2012.

2.6.1 Lestarfélög

Lestarfélög voru undanfarar almenningsbókasafna. Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (1997) skiptir starfstímabili lestrarfélaganna niður í fjögur skeið. Fyrsta skeiðið kallar hún upphafsskeið lestrarfélaganna og nær það frá 1790-1840. Það var í kringum aldamótin 1800 sem fyrstu lestrarfélögin voru stofnuð. Einungis er vitað um sex félög sem voru stofnuð þá en líklega voru þau fleiri (Friðrik G. Olgeirsson, 2004). Það sem einkenndi lestrarfélögin á þessum tíma er að stofnendur þeirra voru æðstu embættismenn landsins. Lestarfélögin áttu að vera opin öllum en nýttust alþýðufólkinu ekki vegna þess að bókakosturinn var mest allur á erlendum tungumálum og árgjöldin voru of há. Hugmynd félagsmanna lestrarfélaganna var sú að þeir myndu afla sér þekkingar og miðla henni síðan til lægri stétta samfélagsins (Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, 1997).

Annað skeiðið kallar Ingibjörg þróunarskeið, það nær frá 1840-1870. Fyrstu almenningslestrarfélögin voru stofnuð í byrjun þessa tímabils. Helstu stuðningsmenn félaganna voru prestar og efnameiri bændur. Áhrif upplýsingastefnunnar minnkuðu og frjálslýndari stefnur tóku við. Nýr hugsunarháttur og kröfur um breytingar gerðu það að verkum að fólk vildi sækja sér þekkinguna sjálf í stað þess að láta embættismennina skammta sér þekkingu og fróðleik. Aukning á útgáfu íslenskra bóka og tímarita gaf fleirum möguleika á að lesa sér til gagns og gamans þó að stór hluti safnkostsins væri enn á erlendum tungumálum (Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, 1997).

Þriðja skeiðið, frá 1870-1937, kallar Ingibjörg hið eiginlega tímabil almenningslestrarfélaganna. Í kringum aldamótin 1900 voru um það bil 230-250

lestrarfélög stofnuð víðsvegar um landið. Árið 1937 voru fyrst samþykkt lög um lestrarfélög sem varð til þess að þau fengu styrki frá bæjar, sýslu- eða hreppssjóðum. Almennigur sem ekki átti kost á formlegri menntun eða skólagöngu gat leitað sér menntunar í lestrarfélögunum (Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, 1997).

Fjórða skeiðið var frá 1937-1955, frá fyrstu lögum sem samþykkt voru um lestrarfélög til fyrstu laga um almenningsbókasöfn nr. 42/1955. Á þessum tíma urðu miklar breytingar í þjóðfélaginu, fólk flutti í meiri mæli í þéttbýli og samgöngur og skólastarf urðu betri sem varð til þess að lestrarfélögin gegndu ekki jafn stóru hlutverki í menntun og fræðslu almennings. Fagurbókmenntir urðu vinsælli og erlendur safnkostur minnkaði stöðugt. Lög voru sett um lestrarfélög og kennslukvikmyndir og var þeim ætlað að styrkja starfsemi lestrarfélaga í fámennari byggðum landsins. Ríkið lagði fram styrk á móti árgjöldum félagsmanna og framlögum úr hreppssjóði. Með þessum styrk frá ríkinu er hægt að segja að lestrarfélögin hafi breyst í hálfopinberar stofnanir og var það þá að vissu leyti fyrsta skrefið í átt að almenningsbókasöfnum. Ríkið úthlutaði lestrarfélögunum þennan styrk í síðasta sinn árið 1955 þegar fyrstu lög um almenningsbókasöfn voru samþykkt (Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, 1997).

Friðrik G. Olgeirsson, sagnfræðingur, minnst á það í bók sinni *Á leið til upplýsingar* að skilin milli lestrarfélaganna og bókasafnanna hafi ekki verið mjög augljós. Munurinn var aðallega sá að lestrarfélögin voru frjáls samtök fólks sem lagði fram peninga til bókakaupa en bókasöfnin voru styrkt af ríkinu og störfuðu sem opinberar stofnanir. Bókasafnslögin sem sett voru um miðja 20. öld urðu til þess að starfandi lestrarfélögum var breytt í bókasöfn (Friðrik G. Olgeirsson, 2004).

2.6.1.1 Lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir

Fyrstu lög sem samþykkt voru um lestrarfélög voru lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir nr. 57/1937. Með þessum lögum gátu félögin fengið styrk frá ríkinu. Samkvæmt 1. grein laganna voru það lestrarfélög utan þeirra kaupstaða eða kauptúna, þar sem amts-, bæjar- eða sýslubókasöfn voru starfandi, sem fengu þennan styrk. Í 2. grein laganna er greint frá því að frá og með 1. janúar 1938 skuli innheimta skemmtanaskatt með 15% álagi og skulu tveir þriðju hlutar álagsins renna í styrktarsjóð lestrarfélaganna en þriðjungur renna til kennslukvikmyndasafnsins.

Í 4. grein laga nr. 57/1937 kemur fram að styrkur til lestrarfélaganna sé bundinn því skilyrði að fyrir liggi yfirlýsing hreppsnefndar um að hreppurinn eða sýslan styrki félagið með að minnsta kosti jafnhárru upphæð og því verði úthlutað úr styrktarsjóði lestrarfélaga. Það þýðir að hafi hreppsnefndin ekki viljað styrkja lestrarfélagið myndi það ekki fá styrk frá ríkinu. Einnig kemur fram í 9. grein að lestrarfélög hafi ekki verið styrkhæf ef félagsmenn þeirra voru færri en tíu. Í 3. grein laga nr. 57/1937 stendur að lestrarfélag skuli senda fræðslumálastjóra reikning yfir tekjur og gjöld félagsins á árinu ásamt félagsmannaskrá í lok hvers árs til þess að eiga rétt á styrk frá ríkinu. Einnig þurfi að senda skýrslu um bókaútlán þar sem komi fram hversu margar bækur hafa verið lánaðar á árinu og hve mörgum félagsmönnum, þá þurfi að fylgja skrá um allar bækur sem félagið hefur eignast á árinu. Í 7. grein laganna er svo ítrekað að þau lestrarfélög sem ekki hafi sent þessar skýrslur fyrir 1. mars ár hvert eigi ekki rétt á styrk.

Fyrsta úthlutun styrksins var árið 1939 og miðaðist þá úthlutunin við rétt hlutfall við innborgun félagsmannagjalda á árinu. Þó mátti ekki greiða hærri upphæð en 2 krónur á hvern félagsmann sem hafði borgað árgjald lestrarfélags. Með þessari lagasetningu var einnig komið á skylduskilum tímarita til lestrarfélaganna. Í 8. grein stendur að:

Lestrarfélögum, sem styrkhæf eru samkvæmt lögum þessum, skal senda árlega ókeypis eitt eintak hverju af Alþingistíðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum hagstofunnar, Lagasafni, Hæstaréttardómum, skýrslum ríkisskólanna, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum millipinganeftnda og öðrum opinberum skýrslum, er ríkið og stofnanir þess gefa út (Lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir nr. 57/1937).

Lögin voru endurskrifuð nokkrum árum seinna og voru þá samþykkt lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir nr. 1/1944. Þær breytingar sem urðu á lögnum voru meðal annars í 1. grein að heimilt sé að greiða lestrarfélögum í kauptúnum styrk þrátt fyrir að þar sé starfandi sýslubókasafn svo lengi sem það eigi ekki sams konar bókakost. Einnig urðu breytingar í 2. grein laganna þar sem kveðið er um að ríkissjóður greiði árlega fimmtíu þúsund krónur í styrktarsjóð lestrarfélaganna. Skemmtanaskattinn átti enn að innheimta með 15% álagi en hlutföllin breyttust svo tveir þriðju hlutar álagsins runnu til

kennslukvikmyndasafnsins en einungis þriðjungur til styrktarsjóðs lestrarfélaganna (Lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir nr. 1/1944).

Í 6. grein laganna frá 1944 stendur að úthluta eigi tekjum sjóðsins milli lestrarfélaganna hlutfallslega eftir tekjum þeirra. Greiða mátti hverju félagi upphæð sem nemur allt að helmingi af samanlögðum félagsmanna- og afnotagjöldum og styrk úr hrepps- og sýslusjóði. Þar kemur einnig fram að ekki megi greiða neinu félagi hærri fjárhæð en 10 krónum á heimili og 4 krónum fyrir hvern félagsmann sem er umfram tölu heimilanna og hefur greitt árgjald til lestrarfélags. Við sjöttu greinina bætist svo að heimilt er að veita félagi aukastyrk, ef tekjur sjóðsins leyfa, og miðast hann við bókakaup, útlán bóka og aðra aðstöðu (Lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir nr. 1/1944).

2.6.2 Fyrstu almenningsbókasöfnin

Almenningsbókasöfn eru eina menningarstofnunin sem sveitarfélögum ber skylda til að reka samkvæmt lögum (Sunna Njálisdóttir og Helga Jónsdóttir, 2014). Fyrsta almenningsbókasafnið var Framfarastofnunin í Flatey í Breiðafirði sem stofnað var árið 1833. Það voru hjónin séra Ólafur Sívertsen og Jóhanna Friðrika Eyjólfsdóttir sem stofnuðu Framfarastofnunina í Flatey. Meðal verkefna stofnunarinnar var rekstur bókasafns fyrir almenning sem tók til starfa tveimur árum seinna. Til þess að allir hefðu jafnan aðgang að safninu voru útlán ókeypis. Til að byrja með var bókasafnið á kirkjuloftinu í Flatey en árið 1864 var byggt hús fyrir safnið og er það fyrsta hús á Íslandi sem byggt er sérstaklega með starfsemi bókasafns í huga. Hefur það síðan þá verið kallað Bókhlaðan í Flatey. Fyrir það höfðu verið starfandi lestrarfélög víða um landið sem almenningur naut þó ekki góðs af því félagsgjaldið var svo hátt að flestir höfðu ekki efni á því (Friðrik G. Olgeirsson, 2004).

2.6.2.1 Lagaumhverfi almenningsbókasafna

Fyrstu bókasafnslögin litu ekki dagsins ljós fyrr en árið 1955. Þó höfðu svokölluð lestrarfélög verið rekin síðan um aldamótin 1800. Árið 1937 voru í fyrsta sinn samþykkt lög um lestrarfélög. Þessi lög gerðu það að verkum að lestrarfélögin voru þá orðin að hálf opinberum stofnunum áður en þau voru svo annað hvort felld niður eða þeim breytt í almenningsbókasöfn (Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, 1997).

Með því að bera saman bókasafnslögin í gegnum árin sést að töluverð breyting hefur orðið á hlutverki bókasafna allt frá því að fyrstu lög um almenningsbókasöfn nr. 42/1955 voru samþykkt. Áherslurnar hafa færst frá safnkostinum sem söfnin hafa upp á að bjóða yfir í fjölbreyttari þjónustu og starfsemi. Söfnin hafa því breyst úr því að vera eins konar bókageymslur yfir í upplýsinga- og menningarmiðstöðvar eins og sést ef rýnt er í hlutverk safnanna í fyrstu lögum um almenningsbókasöfn nr. 42/1955 og nágildandi lögum um almenningsbókasöfn nr. 150/2012.

Í fyrstu lögum um almenningsbókasöfn nr. 42/1955 stendur að hlutverk safnanna sé „að efla almenna menntun með því að gefa mönnum kost á að lesa góðar bækur, svo og á annan hátt, eftir því sem aðstæður leyfa“. Síðan þá hefur hlutverk bókasafna þróast töluvert. Í lögum um almenningsbókasöfn nr. 22/1963 helst orðalagið óbreytt, en því er svo breytt í lögum nr. 50/1976. Þar stendur að almenningsbókasöfn séu „mennta-, upplýsinga- og tómsundastofnanir fyrir almenning. Þau skulu gefa fólki sem bestan kost á að lesa og færa sér í nyt bækur og veita afnot af nýsigögnum, svo sem hljómplötum, segulböndum og öðrum miðlunargögnum til fræðslu og dægradvalar (Lög um almenningsbókasöfn nr. 50/1976).“ Í 1. grein laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 er hlutverki bókasafna lýst enn fremur:

Almenningsbókasöfn eru upplýsinga- og menningarstofnanir. Hlutverk þeirra er að veita fólki, bæði börnum og fullorðnum, greiðan aðgang að fjölbreyttum bókakosti og öðrum miðlunargögnum, þar á meðal tölvubúnaði og upplýsingum á tölvutæku formi. Þau skulu efla frjálsan og óheftan aðgang almennings að upplýsingum og þekkingarmiðlum. Söfnin skulu hvert á sínu þjónustusvæði kappkosta að vera menningarstarfi og atvinnulífi til styrktar og hafa tiltækar upplýsingar fyrir almenning um opinberar stofnanir og þjónustu. Markmið þeirra skal vera að efla íslenska tungu, stuðla að símenntun og örva lestraráhuga (Lög um almenningsbókasöfn nr. 36/1997).

Með endurgerð laganna árið 2012 eru öll bókasöfn landsins sameinuð undir eina lagaumgjörð. Þar sem áður höfðu verið lög sem einungis áttu við um almenningsbókasöfn eiga nú við öll bókasöfn á landinu. Í 6. grein bókasafnslaga nr. 150/2012 er markmið og hlutverk bókasafnanna skilgreint sem:

[...] þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Sameiginlegt markmið bókasafna, sem undir lög þessi falla, er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi. Hlutverk bókasafna er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Áhersla skal lögð á að safnkostur bókasafna endurspegli sem flest sjónarmið.

Í upphafi er hlutverki bókasafna aðeins ætlað að efla menntun með því að bjóða upp á góðan og fjölbreyttan bókakost, áherslurnar breytast svo í gegnum árin eins og sést hér að ofan, í endurgerð laganna frá 1963 hefur lítið breyst en í lögum nr. 50/1976 er búið að bæta við safnkostinn hljómplötum, segulböndum og öðrum miðlunargögnum. Tækniframfarir hafa orðið til þess að almenningsbókasöfnin buðu ekki lengur einungis upp á bækur til útláns heldur var einnig hægt að fá annars konar efni að láni. Það er svo ekki fyrr en í lögum nr. 36/1997 sem almenningsbókasöfn eru skilgreind sem upplýsinga- og menningarstofnanir. Vegna enn frekari tækniframfara bætist nú í lögum að söfnin skuli veita fólki greiðan aðgang að tölvubúnaði og öðrum miðlunargögnum auk fjölbreytts bókakosts. Í seinustu endurgerð laganna nr. 150/2012 sem ná yfir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Hljóðbókasafn Íslands, háskólabókasöfn, almenningsbókasöfn, skólabókasöfn, sérfræðisöfn og bókasöfn í stofnunum sem reknar eru af ríki eða sveitarfélögum er hlutverki safnanna ætlað að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Eiga þau að stuðla að jafnrétti. Rúm tíu ár eru síðan lögum voru endurskoðuð síðast og margt hefur gerst á þeim tíma.

2.6.2.2 Krafa um menntun

Upplýsingafræðingar voru fámenn stétt framan af 20. öldinni en fjölgaði þegar leið á öldina (Friðrik G. Olgeirsson, 2004). Í fyrstu lögum um almenningsbókasöfn nr. 42/1955 er hvergi gerð krafa um menntun starfsfólks bókasafna. Ekki er minnst á menntun starfsfólks bókasafna fyrr en í 12. grein laga nr. 50/1976 rúmmum tuttugu árum eftir að fyrstu bókasafnslögin tóku gildi og þá er aðeins um að ræða kröfu um menntun forstöðumanna safnanna en í lögnum stendur:

Við bæjarbókasöfn (borgarbókasafn í Reykjavík) og bæjar- og héraðsbókasöfn skal forstöðumaður (yfirbókavörður) að jafnaði vera bókasafnsfræðingur. Einnig skulu bókasafnsfræðingar að jafnaði hafa forgangsrétt til bókavarðarstarfa. Nánari ákvæði um menntun og starfsundirbúning starfsmanna almenningsbókasafna skal setja í reglugerð (Lög um almenningsbókasöfn nr. 50./1976).

Kennsla í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands hófst árið 1956 ári eftir að fyrstu lögum um almenningsbókasöfn voru samþykkt (Sigrún Klara Hannesdóttir, 1997). Í upphafi var heiti námsgreinarinnar bókasafnsfræði, því var svo breytt í bókasafns- og upplýsingafræði árið 1986 og síðan í upplýsingafræði árið 2013 og var það þá orðið meira lýsandi fyrir fræðigreinina (Ágústa Pálsdóttir og Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2014; Jóhanna Gunnlaugsdóttir, 2006). Bókasafnsfræði er þó ekkert skammarheiti heldur átti það einfaldlega ekki við lengur. Eftir tækni- og upplýsingaþýtinguna starfa upplýsingafræðingar ekki eingöngu á bókasöfnum heldur einnig skjalasöfnum og öðrum stofnunum (Margrét Sigurgeirsdóttir, 2012).

Árið 1984 voru síðan samþykkt lög um bókasafnsfræðinga nr. 97/1984. Með þessum lögum hafa einungis þeir sem lokið hafa námi í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands réttindi til að kalla sig bókasafns- og upplýsingafræðinga, hvort sem það sé BA-próf, MA-próf, MIS-próf eða sambærileg háskólagráða frá viðurkenndu námi erlendis. Einnig hafa þeir rétt til að kalla sig bókasafns- og upplýsingafræðinga sem hafa tekið lokapróf frá háskóla í annarri námsgrein ásamt að minnsta kosti 60 einingum í bókasafns- og upplýsingafræði. Í lögum kemur einnig fram að bókasafns- og upplýsingafræðingum sé skylt að starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um bókasöfn sem eru í gildi á hverjum tíma (Lög um bókasafnsfræðinga nr. 97/1984).

Fyrsta starfsfólk almenningsbókasafnanna var með ýmsa menntun að baki, meðal annars voru það kennarar, rithöfundar, skólastjórar og annað fólk með áhuga á bókum og menningarmálum, en það hafði ekki hlotið neina fræðslu eða menntun í rekstri bókasafna og átti því fullt í fangi með uppröðun og skipulagningu safnanna. Oftar en ekki var bókasafnsvinnan aðeins hlutastarf svo það gat reynst erfitt að ná yfir allt sem þurfti að gera (Friðrik G. Olgeirsson, 2004).

Þegar fyrst eru gerðar kröfur um menntun starfsfólks bókasafna í lögum er tekið fram að forstöðumaður eða yfirbókavörður skuli að jafnaði vera bókasafnsfræðingur (Lög um almenningsbókasöfn nr. 50/1976). Þessu er svo breytt árið 1997 en í 8. grein laga nr. 36/1997 stendur að „Forstöðumaður almenningsbókasafns skal, ef þess er kostur, hafa lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði eða jafngildu námi (Lög um almenningsbókasöfn nr. 36/1997).“ Þetta er fámenn starfsstétt og erfiðlega gæti gengið að fá fólk með menntun í upplýsingafræði í stöðu forstöðumanns bókasafna á landsbyggðinni (Sveinn Ólafsson, 2016). Þessi lagabreyting gerir það að verkum að hægt er að ráða í stöðu forstöðumanns bókasafna utan höfuðborgarsvæðisins þar sem mögulegt er að enginn hafi lokið háskólaprófi í upplýsingafræði.

Í 11. grein laga nr. 150/2012 stendur að „Forstöðumaður bókasafns skal, ef þess er kostur, hafa lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði. Tryggja skal eftir föngum að bókasöfn hafi á að skipa starfsfólki með sérmenntun sem hæfir verksviði safnanna (Bókasafnalög nr. 150/2012).“ Í dag er menntun og bakgrunnur starfsfólks bókasafna mun fjölbreyttari en áður. Vegna stöðugar þróunar á starfsemi og þjónustu safnanna þá þarf fjölbreyttan starfshóp til að takast á við þau verkefni sem eru fyrir höndum.

2.6.2.3 Húsnæði og fjárframlög

Bókasöfnin urðu ekki opinberar stofnanir fyrr en þau byrjuðu að fá fjárframlög frá ríkinu. Lagaumgjörð almenningsbókasafna segir til um hversu mikinn styrk söfnin fá frá ríki og sveitarfélögum sem og hvaða kröfur séu gerðar um húsakynni safnanna.

Í 5. grein laga um almenningsbókasöfn nr. 42/1955 og nr. 22/1963 kemur fram að bæjarbókasöfnin skuli starfrækja lestrarsal, svo sem fært er vegna húsrúms og fjárhagsgetu.

Í lögum um almenningsbókasöfn nr. 22/1963 stendur einnig í 6. grein að „Bæir og sýslur skulu sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði, enda njóta þau til húsabóta styrks úr ríkissjóði, og sömu aðilar skulu, ásamt ríkissjóði, leggja söfnunum rekstrarfé samkvæmt lögum þessum.“ Í 9. grein laga um almenningsbókasöfn nr. 50/1976 kemur fram að „Sveitarfélög reisa bókhlöður og búa þær nauðsynlegum húsbúnaði og tækjum, eftir því sem fé er til veitt. Heimilt er að kaupa eða leigja húsnæði fyrir söfnin.“ Í 8. grein laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 stendur að „Sveitarfélög [...] sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði og búa það nauðsynlegum búnaði.“ Enn fremur kemur fram í lögum nr. 36/1997 að „Við hönnun bókasafnsbygginga, svo og við kaup eða leigu húsnæðis fyrir

bókasafn, skal þess gætt að safnið sé öllum aðgengilegt.“ Með nýjustu bókasafnslögunum virðist hafa dregið úr utanumhaldi og kröfum til húsakynna almenningsbókasafna en í 11. grein bókasafnslaga nr. 150/2012 stendur einungis að „Búnaður bókasafna, húsnæði og safnkostur skal taka mið af hlutverki þeirra hvers um sig.“ Búið er að taka út ákvæðið um að gæta skuli að „safnið sé öllum aðgengilegt“ sem kom fram í fyrri lögum frá 1997.

Aðgangur að almenningsbókasöfnum er almennt ókeypis en samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012 er bókasöfnum heimilt að innheimta gjöld fyrir þjónustu sína. Öllum er velkomið að eyða tíma á safninu og nýta rýmið sem þar er í boði til að læra, lesa eða hittast og spjalla. Ef notendur bókasafnanna vilja taka bækur eða annað efni sem lánað er út með sér heim þarf hins vegar oft að greiða árgjald. Í sumum sveitarfélögum er ekkert árgjald og geta notendur safnanna því fengið safnkost að láni án endurgjalds en á stærri söfnum á höfuðborgarsvæðinu þurfa lánþegar að borga árgjald vilji þeir fá bækur eða annan safnkost í útlán.

Fjárframlög frá ríki og sveitarfélögum komu fyrst til sögunnar með fyrstu lagasetningu um lestrarfélög en var þá styrkurinn bundinn því skilyrði að hreppurinn eða sýslan styrki félagið með að minnsta kosti jafn hárrí upphæð og því verði úthlutað úr styrktarsjóði lestrarfélaga fyrir það ár sem um ræðir (Lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir nr. 57/1937). Í fyrstu lögum um almenningsbókasöfn nr. 42/1955 er ekki minnst á þetta skilyrði en þar kemur einungis fram í 7. grein að fjárframlög til héraðs- og bæjarbókasafna sé 15 krónur á hvern íbúa kaupstaðarins og að á móti þessu framlagi greiði ríkissjóður fjárhæð sem nemur 7,50 krónum á hvern íbúa. Í lögum um almenningsbókasöfn nr. 22/1963 hefur þessi upphæð hækkað í 30 krónur og 15 krónur frá ríkissjóði. Gallinn var hins vegar sá að fjárframlögin voru ekki verðtryggð og minnkaði því verðgildi þeirra með ári hverju vegna verðbólgu (Friðrik G. Olgeirsson, 2004). Fjárframlög sveitarfélaga voru ekki verðtryggð fyrir en með þriðju lagasetningu almenningsbókasafna. Í lögum um almenningsbókasöfn nr. 50/1976 var bætt inn ákvæði í 8. grein sem segir að þessi lágmarks fjárframlög sveitarfélaganna skuli vera endurskoðuð árlega og fylgi verðlagi í landinu.

2.7 Hlutverk almenningsbókasafna í stöðugri þróun

Fræðimaðurinn Ranganathan (1963) setti fram kenningu um fimm lögmál bókasafna árið 1931. Fimmta og síðasta lögmálið fjallar um að bókasöfn séu sífellt vaxandi og þar með í stöðugri þróun. Hann líkir þessum vexti bókasafna við lífveru sem þarf að hugsa um og næra til þess að hún haldi lífi. Lankes (2011) tekur undir með Ranganathan í bók sinni *The Atlas of New Librarianship* þar sem hann minnst á að samfélögin sem bóksöfnin þjónusta eru í stöðugri þróun. Þess vegna verði bókasöfn og starfsfólk þeirra stanslaust að endurhugsa hlutverk sitt. Hann nefnir að þá þurfi að skoða hvernig breytingarnar á samfélagssáttmálanum hafi áhrif á væntingar lánþega til bókasafnsins og starfsfólks safnanna. Mikilvægasti þátturinn í stefnumótun bókasafna er að leggja áherslu á notendur safnanna (Lankes, 2011).

Ásdís Helga Árnadóttir gerði rannsókn á nýtingu rýmis almenningsbókasafna út frá starfsemi þeirra og hugmyndum um söfnin sem þriðja staðinn. Í ljós kom að mikil gróska er í gangi á almenningsbókasöfnum varðandi starfsemi og þjónustu. Niðurstöður sýndu fram á að endurskipuleggja þurfi rýmið til að koma til móts við þá fjölbreyttu starfsemi og þjónustu sem fer fram á almenningsbókasöfnum (Ásdís Helga Árnadóttir, 2013). Bókasöfn hafa verið í stöðugri þróun síðustu áratugi þar sem megináherslan er að færast frá safnkostinum yfir í þjónustu við notendur safnanna. Bókasöfn nútímans eru orðin að svokölluðum menningarhúsum sem veita fólki aðgang að opnu sameiginlegu rými til að eiga góðar stundir, fara á ýmsa viðburði svo sem sögustundir fyrir börn eða ljóðalestur og leikhúskaffi.

Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörður á Borgarbókasafni Reykjavíkur, segir grunnvöru almenningsbókasafna vera bókakostinn sem söfnin hafa til útláns og telur hún að bókakostur almenningsbókasafna hafi misst mikilvægi sitt. Almenningsbókasöfn eru ekki lengur geymslurými fyrir bækur heldur sinna þau ólíkum þörfum almennings. Söfnin eru að breytast í nýsköpunarrými fyrir hverfin sem þau starfa í þar sem starfsemin snýst um að reka sveigjanlegt og hlutlaust rými til að miðla upplýsingum og menningu á fjölbreyttan hátt (Pálína Magnúsdóttir, 2016).

Alda Davíðsdóttir (2016) gerði rannsókn á viðhorfi íbúa sveitarfélagsins Vesturbyggðar gagnvart núverandi bókasafnsþjónustu og skoðunum á því hvernig þjónustu þeir vilja helst fá. Niðurstöðurnar sýndu að ýmsir þættir eins og bættur opnunartími og lélegt aðgengi séu ástæður þess að fólk nýti sér ekki bókasöfnin. Þá kom einnig fram að íbúar vilji fjölbreyttari þjónustu en boðið er upp á.

Ýmis konar starfsemi er á bókasöfnum höfuðborgarsvæðisins í dag. Ásamt alls konar viðburðum eru í boði klúbbar fyrir börn og unglinga en einnig eru ýmsir klúbbar í boði fyrir fullorðna eins og þrjónaklúbbar og leshringir sem flest af stærri söfnunum bjóða upp á. Á Borgarbókasafninu er til dæmis Harry Potter klúbbur fyrir 9-12 ára sem hefur notið mikilla vinsælda (Borgarbókasafnið B, e.d.). Minna fer fyrir auglýsingum á starfsemi smærri safnanna og því þarf að kafa dýpra til að komast að því hvers konar starfsemi og þjónusta er hjá smærri bókasöfnum á landsbyggðinni.

Samhliða tækniframförum hefur safnkosturinn einnig tekið ýmsum breytingum í gegnum árin, enn eru bækur aðal uppistaða safnkostsins en einnig er hægt að leigja hljóðbækur, mynddiska, geisladiska, vínylplötur, bökunarform og borðspil. Sums staðar er meira að segja hægt að fá lánuð ýmis konar tæki og tól. Á nokkrum söfnum eru saumavélar sem notendum stendur til boða að nota á opnunartíma safnanna. Í Hringrásarsafninu er svo hægt að fá lánuð ýmis konar verkfæri eins og myndvarpa, háprýstidælu, vöfflujárn eða borvél í sjálfsafgreiðsluskápum. Hringrásarsafnið er tilraunaverkefni sem rekið er í samstarfi við Munasafnið og er það er staðsett í Grófinni og Gerðubergi (Borgarbókasafnið, 2023).

Enn ein nýjung meðal bókasafna er að bjóða lánþegum upp á aðstöðu hljóðvers þar sem notendur geta bókað tíma til að taka upp ýmis konar efni eins og hlaðvörp og tónlist. Dæmi um það eru Hljóðverið í Úlfarsárdal þar sem lánþegum safnsins gefst kostur á að leigja fullbúið hljóðver í tvo klukkutíma í senn án endurgjalds, hljóðverið er opið þrjá daga vikunnar (Borgarbókasafnið A, e.d.). Svo má nefna Rabbrýmið sem er opið hlaðvarpsstúdíó sem Bókasafn Hafnarfjarðar sér um (Bókasafn Hafnarfjarðar, e.d.). Bæði rýmin eru opin öllum þeim sem eru lánþegar á söfnunum og með gilt bókasafnsskírteini. Í Artótekinu er svo hægt að leigja listaverk. Artótekið tók til starfa í ágúst 2004 og er á fyrstu hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur í Gróf. Leiguverð er frá 2000 til 15.000 krónur á mánuði og fer eftir verði listaverksins. Lágmarks leigutími er einn mánuður en svo er hægt að leigja verkin þar til þau eru greidd að fullu og hefur viðkomandi þá keypt verkið. Einnig er hægt að kaupa listaverk með því að staðgreiða þau (Artótek, e.d.).

Bókasöfn eru sameign íbúa hvers sveitarfélags og líklega eru fáir sem myndu vilja missa þau úr samfélaginu en eins og Eyrún Ýr Tryggvadóttir (2011) minnst á eru söfnin þess eðlis að enginn tekur eftir þeim fyrr en hann þarf á þeim að halda. Ruth Kneale (2009) talar um mikilvægi þess að markaðssetja bókasöfnin og starfsemi þeirra. Hún segir að líklegt sé að almenningur komi ekki á bókasöfnin vegna þeirrar hugmyndar sem þeir hafa

búið sér til um bókasöfnin og starfsfólk safnanna. Þessar hugmyndir sem fólk er búið að mynda sér eru til dæmis komnar af því hvernig bókasafninu er lýst í sjónvarpi og öðrum miðlum. Það er ekki skrítið að fólk viti ekki hvað felst í starfi upplýsingafræðinga þegar ímynd starfsstéttarinnar út á við er eldri kona með hárið í snúð og gleraugu á nefinu að sussa á alla sem inn á safnið koma. Þegar meðlimir samfélagsins koma ekki inn á safnið út af þessari ímynd missir bókasafnið viðskiptavinum (Kneale, 2009).

Markaðssetning er orðin stór hluti af starfsemi bókasafna í dag. Með því að auglýsa starfsemi safnanna verða þau sýnilegri og ná kannski frekar til þess hóps sem ekki er að koma á söfnin. Lísu Z. Valdimarsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Kópavogs, segir að huga þurfi að því hvernig eigi að ná til þeirra sem eru ekki að koma inn á söfnin (Ingibjörg Rögnvaldsdóttir o.fl., 2016). Samkvæmt Pálínu Magnúsdóttur á birtingarmynd almenningsbókasafna út á við að vera „miðstöð mannlífs og menningar þar sem metnaður og fagmennska býr gestum skapandi umhverfi og jákvæða upplifun“ (Pálína Magnúsdóttir, 2016, bls 18). Markaðssetning er mikilvæg til þess að samfélagið átti sig á því að bókasöfn nútímans eru meira en bara hlýlegur staður með góðar bækur. Bókasafnið er hjarta samfélagsins (Kneale, 2009).

2.8 Framtíð bókasafna á Íslandi

Sólveig Þorsteinsdóttir, upplýsingafræðingur, fjallaði um framtíð bókasafna í grein sinni í tímaritinu *Bókasafnið* árið 1983, þá voru nokkur ár síðan tölvur voru teknar í notkun á söfnunum, ekki voru allir sáttir við þessa þróun og segir hún meðal annars að einhverjum hafi fundist starfsgreinin vera í hættu (Sólveig Þorsteinsdóttir, 1983). Þörfin fyrir upplýsingafræðinga virðist hins vegar aldrei minnka heldur breytist starfið og þróast með tækninýjungum og breyttum þörfum notenda. Sólveig segir að tilvera upplýsingafræðinga sé háð því hvort þeir geti aðlagast tækniþróuninni og að starfsstéttin verði að aðlagast breyttum viðhorfum til þess að viðhaldast. Hún bendir á dæmi frá Norðurlöndum þar sem kom í ljós að með þessum tækninýjungum vannst aukinn tími sem nýttur var í að bæta þjónustu safnanna og sinna ýmsum öðrum verkefnum sem ekki gafst tími til að sinna fyrir tilkomu tölvunnar. Enn fremur segir hún að upplýsingafræðingar verði að horfa á starf sitt í nýju ljósi og læra nýja tækni. Bókasöfnin verði að vera virk og bjóða upp á það sem notendur leitast eftir (Sólveig Þorsteinsdóttir, 1983).

Sigrún Klara Hannesdóttir segir sveigjanleika greinarinnar og stéttarinnar hreint stórkostlegan. Tekist hafi að finna hvar þörfin er og hvert áhuginn beinist. Hún segir að engar spár um að bækur og bókasöfn verði óþörf hafa ræst heldur hafi þörfin fyrir vel menntaða upplýsingafræðinga stöðugt aukist (Sigrún Klara Hannesdóttir, 2006).

Bókasöfn nútímans sinna töluvert fjölbreyttari verkefnum en þau gerðu áður en söfnin voru tölvuvædd, tækninýjungar hafa gefið starfsfólki bókasafna tíma til að sinna öðrum verkefnum eins og Sólveig minnst á en einnig er það þessi stöðuga þróun sem á sér stað í samfélaginu sem gerir nýjar kröfur til þeirrar þjónustu sem söfnin veita. Það mætti því segja að þjónusta og starfsemi safnanna sé háð þörfum notenda og breytist í takt við hvað notendur þurfa hverju sinni. Til dæmis má nefna viðburði sem haldnir eru á Borgarbókasafni Reykjavíkur eins og *Spilum og Spjöllum*, sem ætlaðir eru fyrir fólk af erlendum uppruna sem vill læra íslensku á skemmtilegan hátt (Borgarbókasafnið C, e.d.).

Lísa Z. Valdimarsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Kópavogs, vill meina að breytt hlutverk bókasafna kalli á meiri áherslu á menningar- og viðburðastjórnun í námi upplýsingafræðinga. Hún segir bókasöfnin þurfa að hafa hugmyndaríkt starfsfólk og þekkingu á markaðs- og kynningarmálum. Samkvæmt henni snýst málið ekki bara um að fá fólkinn inn á söfnin, heldur hvernig söfnin koma til móts við fólkinn (Ingibjörg Rögnvaldsdóttir o.fl., 2016).

Í viðtali við fólk úr ólíkum geirum bóka- og upplýsingaheimsins í tímaritinu *Bókasafnið* árið 2016 voru viðmælendur spurðir hvað stéttin myndi fást við árið 2025 og hvað væri mikilvægast að fást við núna. Svörin gáfu til kynna að miklar breytingar væru í gangi og meðal annars væri hlutverk bókasafna að breytast, almenningsbókasöfnin eru að verða meiri menningarmiðstöðvar (Ingibjörg Rögnvaldsdóttir o.fl., 2016). Ingibjörg Rögnvaldsdóttir, forstöðumaður upplýsingamiðstöðvar Tækniskólans, minntist á að þörf sé fyrir að starfsfólk hafi breiðari menntun vegna þeirra breytinga sem hafa átt sér stað á söfnunum. Lísa Z. Valdimarsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Kópavogs segir útlánatölur almenningsbókasafna hafa lækkað og lánþegum hafi fækkað. Hún segir að við þessu þurfi að bregðast, leggja þurfi áherslu á að laða fólk að söfnunum með einhverjum hætti. Hún minnst á að mörg almenningsbókasöfn hafi verið að breyta áherslum sínum í þá átt að verða víðtækar upplýsinga- og menningarmiðstöðvar og tekur sem dæmi almenningsbókasafnið í Árósum, Dokk1. Hún segir einnig að bókasöfnin þurfi að fara að hugsa meira út fyrir rammann. Egill Jóhannsson, útgefandi hjá Forlaginu, tekur undir og segir bókasöfnin vera að breytast úr því að vera eiginleg bókasöfn yfir í að vera nokkurs

konar menningarhús (Ingibjörg Rögnvaldsóttir o.fl., 2016).

Augljóst er að áherslur almenningsbókasafna eru stöðugt að breytast í takt við samfélagsbreytingar, tækninýjungar og breytingar á þörfum notenda og engin leið er að vita hvað framtíðin ber í skauti sér. Eins og Sólveig Þorsteinsdóttir (1983) orðar svo vel er það aðeins framtíðin sem getur gefið okkur svar við þessum spurningum.

3 Aðferðafræði

Í þessum kafla verður greint frá því hvernig rannsóknin var framkvæmd. Farið verður yfir helstu markmið rannsóknarinnar og rannsóknarspurningar sem lagðar voru til grundvallar. Sagt verður frá þátttakendum ásamt því hvernig þeir voru valdir. Greint verður frá þeim aðferðum sem notaðar voru til að afla gagna ásamt aðferðum sem notaðar voru til að greina gögnin. Í lokin verður svo greint frá siðferðislegum álitamálum, takmörkunum rannsóknarinnar og mikilvægi hennar.

3.1 Markmið og rannsóknarspurningar

Markmiðið með þessari rannsókn er að varpa ljósi á stöðu almenningsbókasafna á landsbyggðinni með því að skoða viðhorf starfsfólks bókasafna til starfseminnar, þróunar hennar og framtíðarsýnar. Rannsóknarspurningarnar eru þrjár:

- 1) Hvert er viðhorf starfsfólks almenningsbókasafna á landsbyggðinni til þróunar á starfseminni?
- 2) Hvernig telur starfsfólkið stöðu bókasafnanna vera í samfélaginu þar sem þau eru rekin?
- 3) Hver er framtíðarsýn starfsfólksins varðandi starfsemi bókasafnanna?

3.2 Framkvæmd rannsóknar

Við rannsóknina voru notaðar eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í eigindlegum rannsóknaraðferðum er það rannsakandinn sem er aðalrannsóknartækið og notar hann gögnin sem hann aflar til að öðlast skilning á því sem hann rannsakar (Taylor og fl., 2016). Eigindlegar rannsóknaraðferðir hafa þann kost að hægt er að fá fram djúpan skilning á reynslu, upplifun og viðhorfum þátttakenda. Varð þessi rannsóknaraðferð fyrir valinu þar sem að markmið rannsóknarinnar er að fá skilning á viðhorfi þátttakenda til stöðu almenningsbókasafna, þróunar og framtíðarsýnar. Hlutverk rannsakandans er að reyna að fanga sjónarmið og upplifun viðmælenda á umhverfi sínu og er markmið eiginlegra rannsókna að skoða hvernig hlutirnir líta út frá mismunandi sjónarhornum (Taylor og fl.,

2016). Vinna við rannsóknina hófst með gerð rannsóknaráætlunar í byrjun september 2021. Í framhaldi af því var mótaður viðtalsrammi út frá rannsóknarspurningunum. Tekin voru sex hálf opin viðtöl með það að markmiði að viðmælendur gætu komið reynslu sinni og viðhorfum til skila óhindrað. Þrjú viðtalanna voru tekin í október og nóvember 2021 og þrjú í febrúar 2023. Stuðst var við viðtalsramma í þeim öllum en þó var ákveðinn sveigjanleiki til staðar til þess að hægt væri að bæta við spurningum ef talin var þörf á eða þeim sleppt ef þær þóttu ekki eiga við. Viðtalsramminn var svo lagfærður eftir hvert og eitt viðtal til þess að hann væri betur sniðinn að umræðuefninu. Viðmælendur voru meðal annars spurðir um hvert viðhorf þeirra er til starfseminnar, hvort þeim finnst húsnæðið hafa mikið að segja fyrir starfsemina, hverja þeir telji stöðu bókasafnsins vera í samfélaginu og hver framtíðarsýn þeirra fyrir bókasafnið sé. Umræðuefni viðtalanna voru mjög lík þó að upp hafi komið málefni sem voru ekki hluti af viðtalsrammanum. Til dæmis var rætt um grisjun safnkosts, áhrif Storytel á aðsókn á söfnin og landsfund Upplýsingar. Tvö viðtalanna fóru fram á vinnustað viðmælanda en fjögur í gegnum fjarfundabúnað. Lengd þeirra var misjöfn, allt frá 15 mínútum upp í rúman klukkutíma. Öll viðtölin voru hljóðrituð með leyfi þátttakenda og hvert og eitt afritað áður en næsta fór fram. Gagnagreining hófst með því að afrita hvert og eitt viðtal. Gagnagreining byggðist á því að nota opna kóðun til að sjá ákveðin þemu í þeim. Notast var við athugasemdir rannsakanda ásamt greiningarblöðum til að ígrunda og greina hvert viðtal fyrir sig og bera þau saman til þess að sjá líkindi og mótsagnir í gögnunum.

3.2.1 Þátttakendur

Þátttakendur voru sex talsins og voru annars vegar forstöðumenn almenningsbókasafna á landsbyggðinni eða bókaverðir. Þar sem um er að ræða rannsókn á ákveðnum hópi var um markvissa úrtaksaðferð (e. purposive sampling) að ræða þar sem þátttakendur eru valdir út frá því hverjir henta best markmiði rannsóknarinnar. Einu skilyrðin til þátttöku voru þau að þátttakendur væru starfandi á almenningsbókasafni á landsbyggðinni. Reynt var að passa upp á fjölbreytileika við val á þátttakendum og þá var meðal annars horft til íbúafjölda bæjarfélaganna sem bókasöfnin eru rekin í. Íbúafjöldi svæðanna sem söfnin starfa á eru því allt frá 800 upp í 5000 manns. Engar kröfur voru gerðar um aldur, kyn eða menntun. Misjafnt var hvaða menntun þátttakendur höfðu en samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012 er gerð krafa um að forstöðumenn bókasafna hafi upplýsingafræðimenntun ef þess er kostur. Hins vegar getur reynt erfitt að fá starfsmann með menntun í

upplýsingafræði í litlum bæjarfélögum úti á landi og því kemur fyrir að ráða þurfi fólk sem ekki hefur fagmenntun. Aðeins þrír þátttakendanna voru menntaðir upplýsingafræðingar en hinir þrír höfðu lokið annars konar menntun. Þátttakendurnir voru á bilinu 34-65 ára gamlir. Starfsgreinin er mjög kvenlæg og voru þess vegna allir þátttakendur konur.

Boð um þátttöku var sent í tölvupósti á níu starfsmenn almenningsbókasafna á landsbyggðinni en af þeim svöruðu einungis sex. Í tveimur tilfellum var einnig hringt í viðkomandi þegar ekkert svar hafði borist en aðeins einn þeirra svaraði. Í þessari rannsóknarskýrslu verður nöfnum þátttakenda breytt og notast við dulnefni í staðin. Hér ganga þátttakendur undir dulnefnunum: Vanda Jónsdóttir, Vilma Brjánsdóttir, Vera Sigurðardóttir, Urður Magnúsdóttir, Frigg Njarðardóttir og Gefjun Eggertsdóttir.

3.2.2 Takmarkanir, siðferðisleg álitamál og ávinningur

Taylor, Bogdan og DeVault (2016) tala um að erfitt sé að setja rannsóknum mörk af því að það er alltaf fleira fólk og fleiri staðir til að rannsaka. Það sem er mikilvægt er að þróa með sér skilning á einhverju sem ekki var vitað áður sama hversu umfangsmikil rannsóknin er. Þessi rannsókn er mjög takmörkuð að því leyti að hún byggir aðeins á skoðunum sex starfsmanna almenningsbókasafna. Hún gefur því aðeins innsýn að hluta til í hver staða almenningsbókasafna á landsbyggðinni er. Einnig verður að hafa í huga að Covid19 heimsfaraldurinn gæti haft áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar þar sem fyrri þrjú viðtöl voru tekin í miðjum faraldri og seinni þrjú um það bil ári eftir að heimsfaraldurinn lauk.

Erfitt getur verið að gæta hlutleysis við gagnaöflun og gagnagreiningu vegna bakgrunns rannsakanda. Snæfríður Þóra Egilson útskýrir í grein sinni „Á heimavelli: Að rannsaka eigin starfsvettvang“ hvernig gögnin geti litast af eigin reynslu og skoðunum rannsakanda. Snæfríður ítrekar að rannsakendur verði að vera meðvitaðir um áhrif eigin reynslu á val og sýn á viðfangsefni (Snæfríður Þóra Egilson, 2006). Í þessari rannsókn var staðan sú að rannsakandi er starfsmaður á almenningsbókasafni á höfuðborgarsvæðinu. Því er hægt að segja að það séu ákveðin tengsl á milli rannsakanda og þátttakenda. Við því var reynt að bregðast með því að passa upp á að spyrja opinna spurninga og ná fram viðhorfi þátttakenda til hinna ýmsu mála án þess að koma með eigin skoðanir og reynslu inn í umræðurnar. Allir þátttakendur staðfestu þátttöku sína í rannsókninni með því að skrifa undir upplýst samþykki. Þar kemur fram að öll gögn þessarar rannsóknar séu trúnaðarupplýsingar, þátttakendum verði gefin gervinöfn og öllum gögnum verði eytt að

lokinni afritun og greiningu gagna. Þá kemur einnig fram að gætt verði til hins ítrasta að persónugreinanlegar upplýsingar verði ekki hægt að rekja aftur til þátttakenda og að þátttakendum sé frjálst að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem er. Þar sem ekki var um viðkvæman hóp að ræða þótti ekki þörf á að sækja um leyfi til Vísindasiðanefndar Háskóla Íslands.

Tilgangurinn með rannsókninni er að komast að því hver staða almenningsbókasafna á landsbyggðinni er og sjá hvað hægt er að gera til að bæta stöðu safnanna. Því er hægt að segja að ávinningurinn af þessari rannsókn sé að hún varpar ljósi á það hvað hægt er að gera til að bæta stöðu almenningsbókasafna á landsbyggðinni.

4 Niðurstöður

Í þessum kafla verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar. Markmiðið með þessari rannsókn er varpa ljósi á stöðu almenningsbókasafna á landsbyggðinni með því að fá innsýn í það hvert viðhorf starfsfólksins er til starfseminnar, þróunar hennar og framtíðarsýnar. Leitast var við að svara rannsóknarspurningunum er snúa að viðhorfi starfsfólks bókasafna til starfseminnar, stöðu safnanna í samfélaginu, hvernig starfsemin hafi þróast á undanförunum árum og hvaða framtíðarsýn starfsfólkið hefur fyrir söfnin.

Niðurstöður verða kynntar í þremur hlutum. Fyrst verður fjallað um þá þjónustu og starfsemi sem er til staðar á söfnunum, hvað viðmælendum finnst bókasöfn eigi að vera að gera og hvort starfsfólki finnst eitthvað ábótavant á sínu safni. Því næst verður fjallað um húsnæði og hvort viðmælendur telji aðstöðuna hafa áhrif á starfsemi bókasafnanna. Í lokin verður fjallað um stöðu bókasafnanna í samfélaginu og hvaða framtíðarsýn starfsfólkið hefur varðandi söfnin.

4.1 Starfsemi og þjónusta

Í þessum hluta verður fjallað um þá þjónustu sem er í boði á söfnunum og farið yfir helstu starfsemi innan safnanna. Farið verður yfir hvað viðmælendum finnst bókasöfn eiga að vera að gera, hvaða þjónustu söfnin bjóða upp á, hver opnunartími safnanna er og hverjir lánþegarnir eru. Farið verður stuttlega yfir það hvernig fjárveitingar til safnanna eru og hvernig söfnin markaðssetja starfsemi sína. Einnig verður farið yfir það hvort viðmælendum finnst eitthvað vanta í starfsemina á sínu safni og hvað mætti gera betur.

4.1.1 Hvað eiga bókasöfn að vera að gera?

Út frá svörum viðmælenda sést að það er misjafnt hvað þeim finnst að bókasöfnin eigi að vera að gera. Niðurstöður sýndu fram á að viðmælendur væru sammála um að safnkosturinn væri kjarni starfseminnar. Hins vegar var svo misjafnt hvað þeim finnst vera mikilvægt að bjóða upp á annað en aðgang að góðum safnkosti.

Vera segir „að það sé náttúrulega svo margt sem gerist á bókasöfnum þannig lagað.“ Samkvæmt henni er það helsta að lána út bækur og að ná inn barnafjölskyldum.

Hún nefnir að mikill munur sé á grunnskólabörnum sem höfðu komið inn á bókasafn áður en þau hófu grunnskólagönguna og þeim sem aldrei hafa komið á bókasafnið. Leikskólakrakkarnir sem komu nokkrum sinnum í heimsóknir yfir veturinn „kundu þetta allt saman um haustið þegar þau komu og byrjuðu í fyrsta bekk,“ segir Vera. Frigg talar einnig um mikilvægi þess að fá börnin inn á bókasafnið. „Mín philosophia er að ég legg mikla áherslu á börnin af því að þau eldast og verða [...] framtíðarviðskiptarvinir okkar ef þau alast upp við að koma. Að það sé bara eðlilegt að vera alltaf á bókasafninu þá er örugglega stór hluti af þeim [sem] heldur því áfram þegar þau eldast,“ segir Frigg.

Metnaður starfsfólks hefur mikið að segja fyrir starfsemina og aðsóknina á safnið. Til dæmis byrjaði Urður að bjóða upp á alls konar viðburði á safninu sem fólki tengir almennt ekki við bókasöfn og fékk gagnrýni fyrir í upphafi. Hún hélt ótrauð áfram og gengur vel í dag. „Sumt heppnast og sumt heppnast ekki og það sem heppnast ekki er bara allt í lagi,“ segir Urður. Þau eru alltaf að reyna að finna einhverjar leiðir sem virka og eru sveigjanleg með það að eitthvað geti virkað í einhvern tíma en síðan ekki virkað með næsta hóp. Urður segist ekki hafa rekið sig á að það sé eitthvað sem ekki er hægt að gera á bókasafninu. Urður segir að oft þurfi að „plata fólk aðeins til þess að koma á bókasöfnin og átta [sig] á því hvað það er þar að finna með því að skreyta það með alls konar viðburðum,“ segir Urður. Hún lýsir starfseminni sem tré þar sem kjarninn er safnkosturinn og upplýsingarnar, aðgengi að honum, hversu vel hann er flokkaður og allt innra starfið. Inni í kjarnanum er þá líka þjónustan sem safnið býður upp á. Viðburðirnir eru svo jólastrautskúlurnar sem þau nota til að skreyta tréð. „Möguleikar bókasafna [eru] svo miklu meiri en bara það að lána út bækur, mig langaði að búa til miklu meiri menningarstarfsemi á bókasafninu og áhættan við að prófa alls konar er engin,“ segir Urður.

Gefjun segir bókasöfn eiga að vera að gera svo ótalmargt. „Þau eiga náttúrulega [að] sjá fólki fyrir lestrarefni og stuðla að lestri barna og unglunga og en svo líka bara [...] að vera þessi samkomustaður þar sem fólk getur komið og [þau] eru svona tryggt rými, þú ert bara öruggur á bókasafninu,“ segir Gefjun. Henni finnst að fólk eigi að geta komið á bókasafnið í leit að upplýsingum en líka bara komið og setið í tölvunni eða í símanum því að safnið er líka athvarf. „Bókasöfn geta verið bara, þau geta verið allt sko [...] mér finnst þau eiga að vera svona það sem er náttúrulega svolítið í tísku kannski núna að þau séu þessi samfélagsmiðja, og þessi sem sagt menningarmiðstöð þar sem allir geta komið,“ segir Gefjun.

Vanda minntist á umræðu sem kom upp á landsfundi Upplýsingar. Þá var rætt um hvað bókasöfnin ættu að vera að gera og nefnt dæmi þar sem erlent bókasafn hafi verið að gefa mat og rækta ávexti í garðinum. Vilmu finnst að bókasöfnin eigi aðallega að sjá um útlán á bókum og sjá fólki fyrir góðu lestrarefni. Vanda segir hins vegar að „...bókalánin séu svona kjarninn en ég held að viðburðirnir séu svona mjög mikilvægir til að minna á sig líka. Það er oft fólk sem kemur á viðburðina sem hafði ekki endilega komið á bókasafnið og svona vera sýnilegri í samfélaginu.“ Viðburðirnir eru því góð leið til að bókasöfnin verði sýnilegri í samfélaginu. Henni finnst bókasöfn vera mjög mikilvæg í samfélaginu og minnst meðal annars á að það skipti miklu máli fyrir fólk í litlum sveitarfélögum að hafa einhvern stað til að hittast á. Bókasöfnin þurfi að hafa bækur til útláns, reyna að hvetja fólk til að lesa og miðla safnkostinum segir Vanda og bætir við að „manni finnst líka gaman að geta verið með viðburði“. Hún segir samt að erfiðara sé fyrir hana að halda viðburði þar sem hún sé ein að vinna heldur en til dæmis stóru bókasöfnin sem eiga auðveldara með að halda fjölbreyttari viðburði. Hún myndi vilja gera meira en tíminn og fjármagnið heldur aftur af henni. Vilma hefur sjaldan verið með viðburði og segir aðstöðuna vera stóra ástæðu fyrir því.

4.1.2 Þjónusta almenningsbókasafna

Niðurstöður leiddu í ljós að þjónusta þessara sex bókasafna er mjög mismunandi. Allt frá því að sinna einungis útláni á bókum yfir í alls konar smiðjur og viðburði. Eins og fram hefur komið voru viðmælendur sammála því að safnkosturinn væri kjarninn. En einnig kom upp sú umræða að viðburðir væru góð leið til að minna á sig og gera safnið sýnilegra. Nokkur sjónarmið komu í ljós. Þrír viðmælenda bjóða upp á alls konar viðburðarstarfsemi samhliða hinni hefðbundnu þjónustu, einn viðmælandi talar um að safnið sé að byrja að halda upp á viðburði núna eftir covid en segir aðstöðuna sem þau hafa ekki nógu góða svo að þau halda sína viðburði í samstarfi við aðrar stofnanir í húsinu. Tveir viðmælendur bjóða aðeins upp á hefðbundna bókasafnsþjónustu, útlán og skil, vegna þess að aðstaðan býður ekki upp á viðburðahald og aðsókn hefur verið lítil sem engin þegar reynt hafi verið að bjóða upp á eitthvað slíkt.

Urður talar um kosti þess að búa í litlu bæjarfélagi og nefnir sem dæmi að þau hafi mikla nálægð við samfélagið sem gerir það að verkum að þau geta þjónustað íbúana mjög persónulega. Þau þekki lánþegana og vita hverjir eru að bíða eftir hvaða bókum og geta þá kippt bókum frá ef þau vita að von er á aðilanum þann daginn. Þau hafi meðal annars sett

á legg úthringiþrógram í Covid19 faraldrinum þar sem þau hringdu í þá fasta kúnna sem vitað var að byggju einir og væru félagslega einangraðir af því þeir komust ekki á bókasafnið. Hún segir starfsfólk oft skutla bókunum heim til lánþega sem komast ekki á safnið sökum veðurs eða veikinda.

Vera byrjaði að bjóða upp á langtímalán á safninu sínu þar sem hægt er að fá bækur að láni í hálf t ár með möguleika á framlengingu. Það sparar henni sporin og þá þarf hún ekki að burðast með bækurnar í geymslu. Safnið sem Vilma starfar á sendir bókakassa reglulega á dvalarheimilið, bækurnar velur hún nema fólkið komi með séróskir.

Frigg minntist á að safnið hennar stendur fyrir skiptibókamarkaði á haustin og vorin af því að það er ekki bókabúð á svæðinu og langt að keyra til Reykjavíkur. Bókasafnið kaupir þá inn námsbækur sem kennararnir biðja um og selja þær svo áfram til nemenda á svæðinu.

4.1.2.1 Opnunartími

Opnunartími safnanna er mismunandi og augljóst er að það hversu mikinn opnunartíma hægt er að bjóða upp á hefur einhver áhrif á þjónustu þeirra. Þrjú safnanna eru aðeins opin fjóra daga vikunnar en hin þrjú alla virka daga. Þá eru þau sem eru opin alla virka daga með lengri opnunartíma en þau sem eru einungis opin fjóra daga í viku. Á söfnunum sem opin eru alla virka daga er opið í allt að átta klukkutíma á dag á meðan hin söfnin hafa einungis opið í tvo til fjóra klukkutíma. Aðeins er opið um helgar á þremur safnanna og þá bara á laugardögum. Söfnin sem hafa lengri opnunartíma eru einnig með fleiri starfsmenn.

Söfnin sem eru með styttri opnunartíma eiga það sameiginlegt að þar er aðeins einn starfsmaður. Í einu tilviki er á safninu einn starfsmaður í fullu starfi og svo auka starfsmaður í hlutastarfi af og til. Vilma segir frá því að hún hafi hætt að vera með opið á kvöldin vegna lítillar aðsóknar. Þá hafði verið opið í tvo klukkutíma eftir kvöldmatartíma einu sinni í viku en aðsóknin var engin. Safnið sem hún starfar á er opið í tvo tíma á dag fjóra daga vikunnar og reynir hún að hafa opnunartímann breytilegan með því að skipta á milli daga hvort sé opið í hádeginu eða seinni part dags. Safnið er ekki opið um helgar. Vera sér líka ein um rekstur bókasafnsins. Hún er með opið í fjóra tíma á dag fjóra daga vikunnar og lokað er um helgar. Vanda hefur verið með starfsmann í hlutastarfi af og til en hefur annars séð um bókasafnið ein. „Hér er ég nánast ein,“ segir Vanda. Hún bætir við að „rosa mörgum finnst [bókasöfnin] einhvern veginn bara vera að lána út bækur og getur ekki verið opið bara í klukkutíma á dag ef þú ert bara að lána bækur?“ Safnið hennar er

opið í þrjá klukkutíma á dag og einn laugardag í mánuði.

Söfnin sem eru með lengri opnunartíma eiga það sameiginlegt að þar eru fleiri en einn starfsmaður á safninu og fjölpætt starfsemi rekin undir sama þaki. Því gefst aðeins meira svigrúm til að hafa lengri opnunartíma. Söfnin sem Urður og Gefjun starfa á eru opin í fimm klukkutíma á dag en safnið sem Frigg starfar á er opið í átta tíma. Opið er á laugardögum hjá Urði og Frigg en ekki hjá Gefjunni.

4.1.2.2 Safnkostur

Í upphafi viðtals var spurt út í daglega starfsemi á söfnunum og þjónustu við lánþega. Allir viðmælendur lýstu þeirri hefðbundnu þjónustu sem fer fram á söfnum og er grunnþjónusta allra bókasafna. Það eru frágangur og útlán á bókum og upplýsingaþjónusta. Urður segir kjarnann í starfseminni vera gott aðgengi að góðum safnkosti hvort sem það sé á pappírformi eða rafrænum miðlum. Vanda tekur í sama streng og segir bókalánin vera kjarnann.

Í viðtölum kom upp umræða um samvinnu á milli bókasafna í formi millisafnalána. Þá vill Vilma til dæmis frekar panta bók í millisafnaláni fyrir lánþega í stað þess að kaupa hana inn ef það er bók sem hún býst ekki við að margir aðrir hafi áhuga á að lesa. Vilma minnst á það að hún sé hætt að kaupa inn öll fræðirit og vill frekar fá fræðibækur í millisafnaláni frá öðrum söfnum ef þær eru ekki til hjá henni. Einnig talar hún um að hún hafi hætt að kaupa inn barnabækur vegna þess að þær séu til á skólasafninu og hefur það áhrif á útlán á barnabókum á almenningsbókasafninu. Skólastjórinn vilji að skólasafnið kaupi inn sínar bækur fyrir nemendur. Fyrri skólastjóri hafi hins vegar viljað nýta almenningsbókasafnið og þá hafi útlán á barnabókum verið meira þar sem krakkarnir tóku bækur á almenningssafninu og gátu skilað þeim í skólanum. Hún hafi því tekið þá ákvörðun að hætta að kaupa inn eins mikið efni fyrir þennan aldurshóp.

Frigg veltir fyrir sér hvort hlutverk bókasafnsins hennar sé kannski meira að vera með bækur sem eru einkennandi fyrir svæðið þeirra heldur en að vera með allar tegundir bóka nú þegar millisafnalán eru orðin svona auðveld. Vera og Urður minnst líka á millisafnalán sem hluta af daglegri starfsemi og Urður segist meðal annars bjóða grunnskólanemum í heimsókn á bókasafnið áður en þau útskrifast úr tíunda bekk til þess að kenna þeim á leitarvélarnar og hvernig þau geta óskað eftir millisafnaláni.

Einnig minntust viðmælendur á utanumhald og frágang safnkostsins. Þar er um að ræða pantanir, skráningu og plöstun bóka og frágang annars konar safnkosts. Vanda

minnist á að reyna þurfi að létta á hillunum með því að grísa safnkost. Hún býr líka til ýmis konar ústillingar til að vekja athygli á bókakostinum.

Vilma nefnir einnig að það þurfi að fækka bókum á safninu, grísa eða setja bækur í geymslu. Stór hluti af bókunum hreyfist aldrei og fari aldrei í útlán. Hún segir þetta vera eldri bækurnar og tekur sem dæmi að börn í dag vilji ekki lesa gamlar ævintýrabækur. „Það eru bara lesnar nýjustu bækurnar, svo eru þær ekki teknar neitt meir,“ segir Vilma.

Ljóst er að utanaðkomandi þættir hafa einnig áhrif á aðsókn á söfnin. Þá er Storytel dæmi um nútímavæðingu sem hefur áhrif á bókasöfnin. Urður minnst á það að það er alls ekki á allra færi að vera með áskrift að Storytel í hverjum einasta mánuði þannig að „þá er þetta allt í einu farið að snúast um efnahag og það sem almenningsbókasöfn ættu alltaf að vilja gera [er að] auðvelda aðgengi allra að upplýsingum, alveg sama hvaða upplýsingar það eru. Þannig að um leið og þetta er farið að snúast um hvort þú átt efni á því að vera með áskrift á Storytel eða ekki þá ertu komin með ójöfnu og það er eitthvað sem við viljum ekki sjá í bókasafnsheiminum af því að þá er þetta ekki lengur deiliahagkerfi. Þá er þetta spurning um að eiga pening fyrir því.“ Hún segir þetta vera spurningu um réttindamál að fá inn aukið aðgengi að hljóðbókum fyrir almenningsbókasöfnin.

Vera segir Storytel hafa mikil áhrif en að „það er mjög gott að fólk í rauninni kynnist bókmenntum, margt af þessu fólki kom hvort sem er ekkert á bókasafnið.“ Urður er sammála og segist hafa mjög blendnar tilfinningar gagnvart Storytel. Hún minnst á þá baráttu sem Samtök Forstöðumanna Almenningsbókasafna hafa verið í um að fá aukinn aðgang að hljóðbókum inn á Rafbókasafnið. Hún segir þó að það jákvæða sé að miklu stærrri og breiðari hópur fólks er að taka inn bókmenntir með því að hlusta og það er þá fólk sem hefði annars ekkert lesið bækurnar. „Aftur á móti er rosalega fúlt að vera með almenningsbókasafn og geta ekki boðið upp á þennan kost,“ segir Urður. Það sé ekki mikið úrval af íslensku efni inni á rafbókasafninu og þá „missir þú fólkið yfir í Storytel“.

„Storytel hefur svona aðeins stolið kúnnunum mínum,“ segir Vilma. Hún lýsir því hvernig aðsókn á safnið hefur farið minnkandi eftir að Storytel kom til sögunnar. Hún segir að rosalega margir lánþegar hafi varla sést síðan þeir fóru yfir í Storytel því þeir bara detta alveg inn í að hlusta. Hún segir hópinn vera tvískiptann, annars vegar þá sem höndla ekki að hlusta og vilja frekar bækur á pappírformi og svo fólk sem nýtur þess að geta hlustað á sögur á meðan það sinnir öðrum verkefnum. Samkvæmt Vilmu er bókasafnið að „halla út af því að fólk vill hlusta og gera eitthvað.“ Vera tekur í sama streng og segir meðal annars að „það bætast ósköp fáir inn núna eftir að Storytel kom inn“.

Frigg telur það vera aldursmiðað hvaða hópar leita frekar í Storytel en á bókasöfnin. Hún tekur sem dæmi að fólk sem er með ung börn og langar að lesa en hefur ekki tíma til þess leiti í Storytel á þessum tíma í lífi sínu þar sem það getur þá notið þess að hlusta á bók á meðan verið er að elda eða brjóta saman þvottinn. Hún segir svo að þegar þessi tími lífs manns sé búinn og maður geti farið að setjast niður á kvöldin að þá sækist fólkið aftur í bækurnar. „Storytel hefur tvímælalaust áhrif,“ segir Frigg. Fólk komi hins vegar á bókasafnið til að verða sér úti um eintak af nýjustu bókunum, til dæmis í jólabókaflóðinu, en þær bækur koma ekki strax inn á Storytel.

4.1.2.3 Fjárveitingar

Þegar spurt er um fjárveitingar til bókasafnanna er einróma svar að fjárveitingar séu ekki til að kvarta undan. Þó tala flestir viðmælendur einungis um að fjárveitingar til bókakaupa séu nógu góðar en annað virðist vera ábótavant. Vanda minnst á að tíminn og fjármagnið haldi aftur af henni í sambandi við viðburðahald.

Gefjun telur fjárveitingar til safnsins vera merkilega góðar miðað við það sem hún hefur séð hjá öðrum söfnum og segist ekki geta kvartað undan því að hafa ekki nógan pening til að kaupa efni. Hún nefnir þó að þau hafi ekki mikinn pening í að kaupa nýjan búnað.

Vera minnst á það að í upphafi hafi verið ákveðið fjármagn fyrir hvern íbúa hjá sveitarfélögum og gefið út árlega hver upphæðin var. Hún segir sveitarfélagið alltaf hafa staðið sig vel í að halda sig við þá upphæð og segist ekki þurfa að kvarta yfir að hafa ekki nægt fjármagn til þess að kaupa inn bækur, tölvugögn og annað fyrir safnið.

Frigg segir safnið fá ákveðna upphæð til bókakaupa og að sú upphæð hafi alltaf dugað til. Þá minnst hún einnig á að hún hafi fengið fjárveitingar til að kaupa inn föndurdót, liti, perlur og annað slíkt fyrir safnið.

Urður segir safnið fá nægt fjármagn til þess að gera það sem þau þurfa að gera og nefnir sem dæmi fjárhagsstuðning sem þau fengu í Covid19 faraldrinum til þess að búa til föndurpakka sem þau sendu heim til fólks ásamt litlum bókum og öðru.

Vilma segir safnið vera með ákveðna upphæð til þess að kaupa inn bækur og blöð og að hún hafi ekki nýtt þá upphæð að fullu af því að hún hefur dregið úr bókakaupum. Hún kaupir inn þær bækur sem hún telur fólk hafa áhuga á en er ekki að panta allar bækur sem eru gefnar út. „Maður fær svona tilfinningu fyrir því hvað fólk vill lesa,“ segir Vilma og bætir við að kannski fari það líka eftir því hvaða áhugasvið hún hefur á því sviði.

4.1.2.4 Viðburðir

Aðeins tveir af þeim sex þátttakendum sem rætt var við, Vilma og Vera, segjast ekki vera með neina viðburði. Vera segist hafa reynt að bjóða upp á ýmis konar viðburði en aðsóknin hafi verið það lítil að hún hafi gefist upp. Hún segir að þeir viðburðir sem hún hafi haldið hafi verið mjög lítið sóttir, það sé engin aðsókn í neitt svona og að aðstaðan á safninu sé ekki góð. „Það er ekkert gaman að fá bara tvo [eða] þrjá í heimsóknir, jafnvel ekki nema einn og eitt skipti engan. Þannig að smátt og smátt hef ég í rauninni bara hætt þessu,“ segir Vera. Hún segir fólk hafa haft tækifæri til að læra að koma á bókasafnið, boðið var upp á ýmislegt en það var ekkert notað. Enginn stuðningur er frá bæjarstjórn og lítil áhugi er hjá menningarnefnd sem ætti í raun að vekja athygli á svona hlutum.

Vanda byrjaði með laugardagsopnanir yfir veturinn þar sem opið er einn laugardag í mánuði í tvo klukkutíma í senn. Á laugardögunum er hún alltaf með eitthvað skemmtilegt í boði fyrir krakka eins og ratleik, perlur, sögustund og þess háttar. Á þessa viðburði mæta yfirleitt um 20 til 30 manns segir hún.

Á safninu sem Frigg starfar á eru fastir viðburðir fjórum sinnum í viku. Þar á meðal eru foreldramorgnar, þrjónahittingar, lestrarstund fyrir börn og svo fjölskyldustund sem er mismunandi hverju sinni. Stundum er boðið upp á föndur á fjölskyldustundunum eða kubba, leikrit og annað slíkt. Þessir viðburðir voru ekki á dagskrá áður en Frigg byrjaði að vinna á safninu. „Starfið var uppfært af því að það var ákall í samfélaginu eftir meiri viðburðum,“ segir Frigg. Einnig hafa þau verið með rithöfundakvöld og þess háttar fyrir jólin. Hún minnst á að ekki er raunhæft að ætlast til þess að einhverjir hundruð manns séu að mæta á viðburði miðað við það að það búa um það bil 2000 manns á svæðinu. Á föstu viðburðina sem haldnir eru á safninu mæta yfirleitt um það bil 5 til 15 manns sem hún segir mjög raunhæft miðað við íbúafjölda. Á rithöfundakvöldin hafa verið að mæta um 40 manns og eru þau mjög ánægð með það.

Urður segir að auðvitað hafi ekki verið jafn mikil aðsókn í alla viðburðina sem þau hafa haldið. Hún segir fullorðið fólk vera miklu duglegra að gera eitthvað fyrir börnin sín heldur en sig sjálf svo að krakkaviðburðir eru oftast vel sóttir. Auðvitað þarf samt að passa upp á að það sé eitthvað framboð fyrir fullorðna. „Sumt heppnast og sumt heppnast ekki og það sem heppnast ekki er bara allt í lagi,“ segir Urður. Hún minnst á að einnig þurfi að taka tillit til þess hvort eitthvað annað sé í gangi á sama tíma og viðburðir. Ef það er til dæmis fótboldmót þá er enginn í bænum og þá þýðir lítið að halda viðburði. „Þannig að þú verður líka svolítið að lesa í aðstæðurnar.“ Vanda tekur í sama streng. Ljóst er að

nauðsynlegt sé að fylgjast með því sem er að gerast í bæjarfélaginu og laga starfsemina að því.

Gefjun talar um að það hafi verið fastir viðburðir áður fyrr en Covid19 hefur náttúrulega haft áhrif á það. Þau séu rétt að byrja aftur með þessa viðburði núna eftir að öllum samkomutakmörkunum var aflétt og allt komið í fyrra horf. Viðburðirnir eru helst í samstarfi við hinar stofnanirnar í húsinu. Sem dæmi nefnir hún öskupokasmiðju þar sem fólk getur komið og saumað öskupoka og skreytt. Sá viðburður er samstarf bókasafnsins og annarrar stofnunar hússins. „Við vinnum bara vel saman og hjálpumst að við að lokka fólk til okkar,“ segir Gefjun. Á sumrin taka þau þátt í lestrarátakinu fyrir grunnskólakrakka þar sem þau eru hvött til þess að lesa og eiga að skila inn miðum. Gefjun segir foreldra hafa þakkað þeim fyrir að halda barninu sínu við efnið.

Urður byrjaði að bjóða upp á alls konar viðburði sem fólk tengir kannski almennt ekki við bókasöfn og segist hafa fengið gagnrýni fyrir það fyrst. Einnig segir hún hafa „targeta[ð] leikskóla- og skólahópa til að sýna krökkum að það mætti alveg koma og hafa gaman á bókasafni þó svo að þú gerir það innan einhvers ramma og það sé auðvitað reglur hér eins og annars staðar.“ Meðal viðburða sem hafa verið á safninu eru ýmis konar smiðjur, leikjadagar á sumrin, pubquiz, foreldramorgnar, þrjónahittingar og skyndihjálparnámskeið. „Ég hef hingað til ekki rekið mig á að það sé eitthvað sem við getum ekki gert,“ segir Urður.

Safnið hennar Urðar er með kvöldopnun einu sinni í mánuði og þá getur fólk komið að spila eða sinna verkefnum og er þetta til þess að fólk noti rýmið meira. „Svona í framtíðinni sjáum við fyrir okkur að þetta verði kannski líka vettvangur fyrir upplestur eða eitthvað svona minna viðburðarhald og svo er líka svona þínu verið að markaðsetja það sem bara af því að við erum alltaf einhvern veginn að reyna að ýta rýminu til fólksins að reyna að hjálpa eða sem sagt ... búa til þannig vettvang að fólk finnur það hjá sér sjálft að koma og nota rýmið, ekki endilega vera alltaf að stjórna því að ofan hvernig fólk á að haga sér á bókasafninu,“ segir Urður. Hún segir að þetta sé byrjað að rúlla og að alls konar hópar séu byrjaðir að nýta sér rýmið. Hún segist vera búin að leggja mikla vinnu í að búa til viðburði til að setja hugmyndirnar út. „Svo hef ég alltaf svona óskað þess að þetta fari síðan bara að rúlla svona frekar sjálfbært þannig að fólk bara frekar hafi frumkvæði sjálft að koma og stinga upp á einhverju og þá segi ég bara já, geggjað, gerð þú það og þú mátt vera hér.“

4.1.2.5 Markaðssetning

Öll söfnin nota samfélagsmiðla til að tengjast samfélaginu og auglýsa þá þjónustu sem er í boði á bókasafninu. Ekki er algengt að bókasöfn landsbyggðarinnar eigi sér vefsíðu. Oftast er hægt að finna upplýsingar um þau á vefsíðu bæjarfélagsins og þá er misjafnt hve mikil vinna er lögð í að uppfæra þá síðu.

Urður segir að þau auglýsi viðburðina á samfélagsmiðlum og það að samfélagsmiðlavæða bókasafnið hafi breytt ímynd þeirra algjörlega. Fólk fór allt í einu að geta fylgst með því hvað var verið að gera á safninu. Þá talar hún um að hægt sé að „blekkja þínu í gegnum samfélagsmiðla.“ Þá á hún við að ef dagurinn er frekar rólegur og lítið um að vera þá geta þau sett inn eitthvað skemmtilegt efni inn á samfélagsmiðla og þá eru þau að vekja athygli á safninu.

Gefjun segir að þau minni á sig á facebook síðu bókasafnsins. Þar setja þau inn efni helst daglega, til dæmis myndir af nýjustu bókunum. „Ef við erum ekki að fá efni þá minnum við á okkur einhvern veginn öðruvísi,“ segir Gefjun. Hún segir að facebook síðan sé þeirra tenging við samfélagið. „Þetta er svona tækið sem við höfum til þess að minna á okkur.“

Vera segist einnig nota samfélagsmiðla til að tengja bókasafnið betur við íbúana en nefnir að „facebook hefur hins vegar þá aðferð að dreifa ekkert voða mikið færslunum nema fólk sýni áhuga á þeim.“ Hún auglýsti mikið hér áður fyrr en hefur minnkað það. Hún setur inn myndir af nýjustu bókunum á facebook síðu bókasafnsins. „Maður þyrfti í rauninni að auglýsa meira,“ segir Vera.

Vanda auglýsir viðburðina á samfélagsmiðlum eins og hinir en einnig hefur hún verið að prenta út auglýsingar og hengja upp í fyrirtækjum á svæðinu. Áður fyrr setti hún inn auglýsingar í bæjarblaðið en það er ekki gefið út lengur.

4.1.2.6 Samstarf við skóla

Flest söfnin eru í einhvers konar samstarfi við skólana í nágrenninu en misjafnt er hversu náið það samband er og hversu oft krakkarnir heimsækja bókasöfnin. Þá eru fjögur safnanna eru með fastar heimsóknir frá leikskóla í nágrenninu. Vanda segir að bókasafnið sé í góðu samstarfi við bæði leikskóla og grunnskóla á svæðinu. Elstu krakkarnir í leikskólanum koma mánaðarlega í heimsókn á bókasafnið. Safnið hennar Urðar er líka í góðu samstarfi við leikskólann. Þau eru með fasta tíma tvisvar í viku þar sem þau taka á móti leikskólahópum.

Frigg segir samstarfið við skólana á svæðinu vera gott en að það gæti alveg verið meira. Leikskólinn kemur reglulega í heimsóknir á bókasafnið. Vera minnst á að leikskólinn hafi komið í heimsókn á bókasafnið sex sinnum á hverjum vetri en því hafi verið hætt. Gefjun segir að leikskólinn í hverfinu komi einu sinni í mánuði og það sé eina fasta samstarfið. „Annað er ekki fast, það er svona meira tilviljanakennt,“ segir hún.

Aðeins tveir viðmælendur töluðu um virkt samstarf við grunnskólana í bænum þar sem krakkarnir koma reglulega í heimsóknir en eru þó öll í einhverjum samskiptum við grunnskólana. Á safninu hennar Vöndu koma hópar úr skólanum í heimsókn nokkra morgna í viku til að fá fræðslu og hafa það notalegt. Þá geta krakkarnir fundið sér bækur að lesa eða litað.

Urður lýsir því hvernig samstarfið við grunnskólana hefur styrkst mikið af því að þau á bókasafninu eru dugleg að minna á sig. Þau eru með fastar heimsóknir frá grunnskólunum. Einnig hafa þau útbúið verkefni fyrir elstu bekkina. Ekki er um hefðbundna bókasafnsheimsókn að ræða heldur fá krakkarnir að sjá hvernig starfsfólkið vinnur. Til dæmis er þeim sýnt hvernig bækur eru tengdar og hvernig raðað er í hillurnar og þau fá jafnvel að prófa að plasta bækur og afskrifa. Þá eru heimsóknirnar nýttar í að fá að heyra hvaða bækur krakkarnir hafi áhuga á og hvernig þeim langi að nota bókasafnið. „Það hefur alveg skilað sér að við höfum séð þessa krakka koma meira þó það sé ekki nema bara koma og sitja hérna á kaffihúsinu og fá sér tebolla eða eitthvað,“ segir Urður. „Við erum alltaf bara að reyna að finna einhverjar leiðir sem virka og vera líka sveigjanleg með að eitthvað geti virkað í einhvern tíma sem virkar síðan ekki með næsta hóp.“

Samkvæmt Frigg er samstarfið við grunnskólann er ekki jafn gott og við leikskólann á svæðinu. Hún nefnir að það sé að mestu samstarf við skólasafnið í grunnskólanum og að það hafi þá aðallega snúist um að læra á nýja tölvukerfið í sameiningu. „En þetta gæti náttúrulega verið meira með einhverjum fleiri heimsóknum og eitthvað svoleiðis og það er bara eitthvað sem við þurfum svona að fara að skoða hvernig við eigum að gera,“ segir Frigg.

Vilma segir að grunnskólakennararnir komi stundum með bekkina sína til að kynna safnið fyrir þeim. Einnig minnst hún á lestrarátakið sem grunnskólarnir standa fyrir á sumrin. Þá komi krakkarnir á bókasafnið til að velja sér bækur sem þau geta svo skilað þegar þau mæta í skólann á haustin. Gefjun talar líka um lestrarátakið fyrir grunnskólakrakkana þar sem þau eru hvött til að lesa og segir foreldra hafa þakkað þeim

fyrir að halda barninu sínu við efnið. Vera segir ekkert samstarf vera við grunnskólann í bænum annað en að þau þekktist vel og geti fengið bækur lánaðar á milli húsa.

4.1.2.7 Hvað má gera betur?

Svör viðmælenda gefa til kynna að töluverð aðsókn sé á fjögur safnanna en að aðsóknin fari minnkandi á hinum tveimur. Allir viðmælendur voru sammála um að mikilvægt væri að ná til yngra fólksins og reyna að fá barnafjölskyldur inn á söfnin en misjafnt var hvaða aðferðir viðmælendur telja bestar til að fá fólk til að koma á söfnin. Urður býður upp á mikið af fjölbreyttum viðburðum sem vekja áhuga fólks á safninu og starfsemi safnsins.

Lánþegahópurinn er tvískiptur, annars vegar eldra fólkið og svo barnafjölskyldur. „Við reynum að passa það alveg mjög vel að vera í virku samstarfi við krakkana því það er náttúrulega bara eins og ég segi einn af okkar stærst markhóp,“ segir Urður.

Frigg talar einnig um að leggja áherslu á börnin og barnatengda viðburði vegna þess að börnin eru framtíðarviðskiptavinir. „Börn koma mikið og koma oft og mér finnst það mjög jákvætt að þau sækja að koma eftir skóla að hanga, leita að bókum eða bara lita og leika sér,“ segir Frigg en minnst einnig á að eldra fólkið sé einnig þeirra helstu fasta kúnnar. Unglingarnir koma ekki mikið inn á safnið segir hún.

Þegar spurt er út í lánþega kom í ljós að á flest öllum söfnunum eru helstu fasta kúnnarnir eldri borgarar og barnafjölskyldur. Eina fráviknið frá því var Gefjun. Hún segir fasta kúnnana vera bæði grunnskóla- og leikskólakrakka, foreldra þeirra og svo bara fullorðnir á öllum aldri. Krakkarnir koma oft við á leiðinni heim úr skólanum og foreldrar með leikskólabörnin þegar þeir eru að sækja þau í leikskólann. „Það er mjög svona fjölbreyttur kúnnahópur sko,“ segir hún. Hún telur að það séu eitthvað um 500 manns sem heimsækja safnið á mánuði að meðaltali.

Flestir viðmælendur töldu upp eitthvað sem þeim langaði til að gera eða breyta í sambandi við starfsemi á safninu en hafa ekki haft tíma eða fjármagn til. Eina undantekningin þar var Vilma. Vilma segir að ekkert vanti í starfseminni á safninu en samt langar hana til þess að hafa leiksvæði fyrir krakkana og bara betri aðstöðu almennt. „Það er svo erfitt að fá fólk til þess að koma,“ segir hún. Vilma lýsir miklu ráðaleysi, hún segist ekki vita hvernig hún eigi að fá yngra fólkið til að mæta á safnið. Hún minnst á að ef það væri kaffihús á safninu eða einhver önnur menningartengd starfsemi í sama rými og safnið að þá kannski myndi fleiri koma.

Gefjun segir að það vanti að safnið sé meira þessi samfélagsmiðstöð þar sem fólk

getur komið til að vera. Hún nefnir sem dæmi að ekki sé hægt að taka frá rými til þess að halda fundi, hittast til að spjalla eða prjóna eða halda leshringi eða tungumálakaffi. Þá segir hún ástæðuna vera sú að það sé ekki aðstaða fyrir þetta á bókasafninu.

Urður minnst á sama vandamál á sínu safni, að það vanti aðstöðu fyrir fólk þar sem það getur sest í algjörrri þögn til að vinna. „Bókasafnið okkar [...] er mjög opið, það er ekki mikið um svona rými sem þú hefur eitthvað svona fullkomið næði til að lesa, það er kannski það sem okkur vantar þínu núna,“ segir Urður.

Vanda minnst á að hún hafi ekki verið með mikið af viðburðum fyrir fullorðna og hana langar til að bæta úr því. „Það er alltaf tíminn og fjármagnið sem kannski halda aðeins aftur af manni,“ segir hún.

4.2 Húsnæðismál

Í þessum hluta verður fjallað um húsnæðismál og hvernig góð aðstaða leggur grunninn að því að hægt sé að bjóða upp á góða þjónustu. Farið verður yfir það hvernig húsnæði getur haft áhrif á starfsemi almenningsbókasafna. Einnig verður farið yfir það af hverju staðsetning bókasafna innan samfélagsins skipti miklu máli.

4.2.1 Aðstaða

Þegar spurt var um húsnæðismál voru svör viðmælenda mjög svipuð. Einróma svar var að húsnæðið hafi mikið að segja fyrir starfsemi bókasafna. Allir viðmælendur voru sammála um að aðstaðan hafi mikil áhrif á starfsemi og aðsókn á safnið. Aðstaðan á þremur af þessum sex bókasöfnum er alls ekki nógu góð. Vilma, Gefjun og Vera tala um að ekki sé hægt að halda viðburði á bókasafninu sökum plássleysis og ekki eru til staðar lesrými sem gerir það að verkum að fólk er ekki að koma til að nota rýmið. Lánþegar geta því einungis komið á bókasafnið til þess að velja sér bók og fara. Söfnin hjá Vöndu, Urði og Frigg eru hins vegar í tiltölulega nýlegu húsnæði sem var hannað með það í huga að þar yrði starfrækt bókasafn.

Vanda segir að húsnæðið þurfi að vera nógu stórt, mikilvægt sé að fólki líði vel á bókasafninu og að staðsetningin geti skipt máli líka. Þrátt fyrir að bókasafnið sem hún starfar á sé í nýlegu húsnæði er sitthvað sem hún hefði viljað hafa öðruvísi, eins og til dæmis að hafa skemmtilega leskróka á safninu. „Það er svo sem eitt og annað sem maður hefði viljað sjá öðruvísi því að [safnið] er svolítið teiknað út frá kannski gömlum

bókasöfnum“, segir hún og á þá við að ekki hafi verið tekið tillit til þeirra breytinga sem hafa átt sér stað síðustu ár innan bókasafnaheimsins þar sem áherslan er að færast frá útláni á safnkosti yfir í menningarlega starfsemi og nýsköpun. Þrátt fyrir það segir hún að húsnæðið nýtist nokkuð vel. „Maður náttúrulega lagar kannski starfsemina að húsnæðinu,“ segir Vanda. Hún hafði sal sem hægt var að nota fyrir ýmsa viðburði en sá hluti húsnæðisins var tekinn undir aðra starfsemi þannig að hún hefur ekki lengur þennan fyrirlestrarsal. „Eða það er ekki alveg eins þægilegt og það var sko,“ segir hún. Hún er þó ekki viss um að stærra húsnæði eða önnur staðsetning myndi hafa nokkur áhrif á starfsemina á hennar safni.

Urður minnst einnig á að hún myndi hanna safnið öðru vísi í dag en er samt sátt með þá aðstöðu sem hún hefur. Samfélagið þróast svo hratt og þarfirnar breytast í samræmi við það. Það er ekki mikið pláss á safninu segir hún. Hún minnst á bókasöfn erlendis og nýjustu bókasöfnin sem verið er að setja upp í dag hér á landi þar sem rýmið er miklu meira hannað fyrir fólkið og svo koma bækurnar þar á eftir. Hún segir safnið þeirra ekki vera hannað þannig. Þau eru með eitt sófahorn og barnahorn en annars er ekki gert mikið ráð fyrir því að fólk sé að verja tíma á safninu. Þau eru þó alltaf einhvern veginn að skapa þessi svæði fyrir fólk að búa sér sjálf til sína afþreyingu segir hún. „Bókasöfn í dag ættu fyrst og fremst að snúast um fólkið sem notar það og fólkið sem vill vera þar,“ segir Urður. Þau er þó heppin með húsnæðið að því leyti að þau geta teygt sig í alla anga hússins eins og til dæmis kaffihúsið og viðburðasalinn ef þeim vantar meira pláss. Það sem vantar á safnið að hennar sögn er lesrými þar sem fólk getur komið til að vinna eða skrifa í algjörrri þögn. Hún er að íhuga að breyta skrifstofunni sinni í slíkt rými. Ekki er hægt að bjóða fólki á að koma og vinna í ró og næði vegna þess hve opið og hljóðbært safnið er.

Gefjun talar einnig um að það vanti rými í safnið sem fólk gæti notað til þess að halda fund eða spjalla eða fyrir þrjónaklúbba og leshringi að hittast. „Það bara er ekki aðstaða fyrir þetta,“ segir hún. Þá nefnir hún að ef viðtalið hefði farið fram á opnunartíma safnsins þá hefði hún verið heima hjá sér því að hún hefur ekki aðstöðu á safninu til að tala í næði. Gefjun lýsir því hvernig húsnæðið hentar ekki undir bókasafnsrekstur og að það sé ekki aðstaða til þess að halda viðburði og annað slíkt. Hún talar um að það sé á döfnni að fá nýtt húsnæði en að það hafi dregist á langinn og sé engin dagsetning komin fyrir nýja rýmið. „Við bindum miklar vonir við að það verði byggt fljótlega og við fáum almennilegt rými í allskonar,“ segir hún. Hún telur að ef nýtt og stærra húsnæði stæði þeim til boða myndi það opna á marga möguleika. „Það myndi opna á bæði þessi rými til að halda

viðburði og leyfa fólki að halda viðburði.“

Vera minnst einnig á hversu slæm aðstaðan er á safninu og tekur sem dæmi að engin vinnuástaða sé fyrir hana og því þarf hún að fara í annað húsnæði til þess að sinna verkefnum eins og plöstudun og frágangi. Safnið hefur flutt nokkrum sinnum en það var áður í stærra húsnæði. Veru finnst húsnæðið ekki hafa mikið að segja fyrir starfseminu en minnst á að haldnir hafi verið viðburðir í fyrra húsnæði. Hún segir núverandi húsnæði safnsins ekki henta fyrir starfsemi bókasafnsins en að það skipti litlu máli fyrir lánþega safnsins, það sé frekar óhentugt fyrir daglega starfsemi fyrir hana sem starfsmann. Þá er aðstaðan í húsnæðinu ekki nógu góð til að halda viðburði. Hins vegar eru á safninu sófar þar sem hægt er að setjast niður og lesa eða spjalla saman en það virðist vera að það rými sé ekki mikið notað.

Á safninu hennar Vilmu er ekkert lesrými svo að fólk neyðist til að koma inn, velja sér bók og fara. Þar er hvergi staður til að setjast niður og hafa það notalegt. Vilma lýsir því að fólk fari ekki innar á safnið, það haldi sér við afgreiðsluborðið þar sem nýju bækurnar eru geymdar og því sé rýmið ekki nýtt að fullu. Hún segir að „það [sé] hægt að nýta þetta rými betur“ og á þá við ef farið væri í endurskipulagningu á rýminu. Hún telur að ef leiksvæði fyrir börnin væri til staðar eða lesrými þar sem fólk gæti sest niður og skoðað bækur myndi fólk frekar vilja koma inn á safnið. Einnig kom fram að til þess að nýta rýmið betur þyrfti að fækka bókum og grisja safnkostinn hressilega.

Frigg segir að þau séu „eins og örugglega öll bókasöfn á landinu, að springa úr bókum.“ En að þá þurfi bara að fara í að grisja. Hún telur að það myndi ekki breyta miklu ef þau fengju stærra húsnæði í hendurnar. „Það væri þá ekki nema ef að við tækjum þá meira inn þetta sem að kannski bókasöfn eru að þróast út í [...] ef það væri þá kaffihús og eitthvað svoleiðis eins og er oft,“ segir Frigg. Þau hafi mjög gott svæði fyrir barnastarfið og aðgengi að húsinu er gott sem og staðsetningin.

Rauði þráðurinn í öllum viðtölunum voru húsnæðismálin og kom skýrt í ljós hvað það skiptir miklu máli að hafa góða aðstöðu til að geta tekið á móti fólki og þjónustað lánþega. Þó svo að kjarni starfseminnar sé útlán á safnkosti þá eru viðburðir góð leið til að vekja athygli á bókasafninu og gera það sýnilegra í samfélaginu og þar með auka aðsókn á söfnin. Til þess að það sé hægt þarf aðstaðan að vera í lagi. Bókasöfnin eiga að vera staður þar sem fólk getur komið, sest niður og átt saman notalega stund. Gott húsnæði er því grunnurinn að því að geta veitt góða þjónustu og styrkja stöðu bókasafnsins í samfélaginu.

4.2.2 Staðsetning

Fimm af sex viðmælendum voru sammála því að það að bókasafn deili húsnæði eða sé í námunda við aðra menningartengda starfsemi hafi góð áhrif á aðsókn á söfnin. Sú eina sem var ekki sammála því var Vera. Hún talar um að það sé þekkt í útlöndum að þegar bókasafn er staðsett í verslunarmiðstöð eða miðbæ þá aukist aðsóknin vegna þess að fólk gengur fram hjá og skreppur inn. „Það sama gerðist hérna og það var ekkert mikið minni útlán eða meiri en það var miklu meiri aðsókn.“ Hún segir þetta hins vegar ekki hafa virkað hjá þeim og var það meðal annars vegna þess að húsnæðið er of lítið fyrir alla þá starfsemi sem rekin var þar undir sama þaki. Aðsóknin hafi aukist í upphafi en farið minnkandi síðan. Safnið hennar Veru er í sama húsnæði og önnur menningartengd starfsemi og telur hún það hafa truflandi áhrif og jafnvel fæla fólk frá safninu. Kaffihúsið „gæti átt fyrsta rétt á að selja eitthvað“ og því finnst fólki það ekki mega setjast niður nema að kaupa eitthvað. Hún upplifir það að hinum finnst hún vera fyrir og lýsir því meðal annars sem að bókasafnið sé „í klemmu“ í þessu húsnæði. Vilma telur hins vegar að ef önnur starfsemi væri starfrækt í sama húsnæði og bókasafnið þá myndi aðsóknin aukast.

Söfnin hjá Vöndu, Veru, Urði, Frigg, og Gefjunni eiga það sameiginlegt að þau eru í húsnæði þar sem er önnur menningartengd starfsemi undir sama þaki. Á safninu hennar Gefjunar er aðstaðan ekki nógu góð en þrátt fyrir það er safnið í sama húsnæði og önnur starfsemi sem hefur góð áhrif á aðsókn á safnið. Urði finnst það virka frábærlega að vera í sama húsnæði og önnur menningartengd starfsemi. Í húsinu er kaffihús sem hún telur hafa góð áhrif á aðsókn á safnið og viðburðarsalur ásamt öðrum stofnunum. „Fyrir mér er þetta bara hinn fullkomni þríhyrningur, þríhyrningur er sterkasta formið,“ segir Urður og lýsir því að um leið og eitt horn lamast þá finnur hin starfsemin strax fyrir því. Til dæmis finna þau fyrir því á bókasafninu að umferð um húsið minnkar ef kaffihúsið er lokað. Þetta helst allt í hendur. Fólk sem kemur inn á bókasafnið er líklegra til að stoppa á kaffihúsinu og fá sér kaffibolla í leiðinni. Það sama á við um fólk sem kemur á kaffihúsið, það er líklegra til að líta við á bókasafninu í leiðinni. „Þannig að stundum ertu komin í einhverjum einum erindagjörðum en endar á því að sinna þremur öðrum eða upplifa eitthvað sem þú áttir ekki von á. Þannig að þetta fyrirkomulag í þessu húsi fyrir okkur er bara algjör lífæð í okkar starfi,“ segir Urður. Eftir að kaffihúsið sem var í sama húsnæði og bókasafnið fór eru þau alltaf með kaffi í boði svo að fólk geti komið og lesið blöðin og fengið sér kaffibolla. „Við erum alveg búin að koma fólki upp á það að þú getir bara komið inn í þetta hús og fengið alls konar, allt sem þú þarft,“ segir Urður.

Frigg segir húsnæði og staðsetningu skipta miklu máli fyrir starfseminu og er hún mjög sátt með bæði. Byggingin sem bókasafnið er í er fyrir miðju bæjarfélagsi og því kíkja margir inn þegar þeir eiga leið hjá. Hún segir þau vera mjög heppin bæði með staðsetningu og það að í húsnæðinu sé fjölpætt starfsemi. „Það að allt þetta sé staðsett undir einu þaki hefur mikið að segja og þar af leiðandi eru margir sem sækja í húsið,“ segir Frigg. Þá nefnir hún einnig að húsið hafi upphaflega verið hannað með það fyrir augum að þar yrði bókasafn. „Að bókasafnið ætti að fara inn í þessa fjölnota byggingu.“

Í húsnæðinu sem bókasafnið hennar Gefjunar er staðsett í eru einnig aðrar stofnanir. „Við vinnum vel saman og erum að reyna að halda viðburði saman og svona það er okkar sameiginlega markmið að lokka fólk í húsið,“ segir Gefjun og bætir við að hún sé mjög ánægð með að hafa hinar stofnanirnar í húsinu.

4.3 Staða safnanna og framtíðarsýn

Í þessum hluta verður fjallað um sýn viðmælenda á stöðu almenningsbókasafna á landsbyggðinni. Farið verður yfir það hver staða þessara bókasafna í samfélaginu er þar sem þau eru rekin og hvað viðmælendur telja að hafi áhrif á það hvort staða þeirra sé góð eða slæm. Einnig verður farið yfir það hvort söfnin fái stuðning frá bæjarstjórn og hver framtíðarsýn viðmælenda er varðandi bókasöfnin.

4.3.1 Staða almenningsbókasafna í samfélaginu

Þegar spurt var út í stöðu almenningsbókasafna í samfélaginu kom oft upp að íbúar væru þakklátir og jákvæðir í garð bókasafnsins. Hins vegar kom einnig í ljós að almenningsbókasöfn landsbyggðarinnar geta verið mjög einmanalegir staðir þar sem aðeins einn starfsmaður sér um safnið. „Þetta er örugglega ekki fyrsti staðurinn sem fólkið hugsar um sko,“ segir Vilma. Bæði Vilmu og Veru finnst bókasafnið vera heldur einmanalegt. „Það [bókasafnið] er ósköp svona einmana, já svona afskipt í rauninni, það er bara þarna. Því miður,“ segir Vera og bætir við að „þetta er einmanalegt starf og þetta býður svolítið mikið upp á [...] kulnun.“

Vilma segist ekki skilja af hverju fólk vill ekki koma og ná sér í bók og lesa og á í erfiðleikum með að fá unga fólkið og barnafjölskyldur inn á safnið. „Maður veit ekki hvernig maður á að fá „boost“ inn í bókasöfnin til þess að fá fólk til þess að koma,“ segir Vilma. Hún segir fasta kúnnana og meiri hluta lánþeganna vera eldri borgara. Lánþegum

fækkar og fækkar og unga fólkið sést ekki á safninu, barnafjölskyldurnar og fólk á milli tvítugs og fertugs komi ekki á safnið. Vilma telur ástæðuna fyrir þessu vera að fólk sé meira fyrir sjónvarp og símann sinn, að fólki finnist það tímafrekt að setjast niður með bók. „Það vantar svo að fólk sé að lesa. Það er bara málið,“ segir Vilma. Hún telur þó að ef það væri leiksvæði á safninu eða ef rýmið væri opnara og boðið væri upp á kaffi að það myndi hafa áhrif á aðsóknina og laða að barnafjölskyldur. Hún nefnir að „það vantar þetta hjá foreldrum að koma með börnin á safnið“. Börnin eigi að ræða þetta við foreldra sína og biðja um að fá að fara á bókasafnið.

Vanda, Urður, Frigg og Gefjun eru heldur bjartsýnni á stöðu sinna safna í samfélaginu. Vanda telur að flestir bæjarbúar séu sáttir með safnið. Það getur stafað af því að hún er dugleg að auglýsa safnið og safnkostinn með því að halda viðburði og gera skemmtilegar ústillingar á safninu. Einnig fær hún stuðning frá bæjarstjórn.

Urður segir að fólk sé almennt rosalega jákvætt gagnvart bókasafninu og því starfi sem þar er unnið. Þó svo að fólk sé ekki að mæta á hverjum degi þá kann það að meta að það sé framboð og að það séu möguleikar til staðar. Starfsfólk bókasafnsins tekur vel í allar hugmyndir og óskar eftir því að fólk laumi að þeim góðum hugmyndum. Hún segist hlæja að fólki sem segir að bókasöfn verði nú bara útdauð eftir nokkur ár þegar allt verður orðið að hljóðbókum og rafrænu efni. „Það er bara ekki þannig, það munu alltaf vera gefnar út bækur,“ segir hún. Hún minnst þess að í fyrsta skipti sem hún sagði að hana langaði að kaupa inn kökuform til að lána út þá mætti hún fullkomnu skilningsleysi frá bæjarstjórn. Hins vegar finnst öllum þetta alveg sjálfsagt þegar hún kemur með þessar hugmyndir í dag. Hún segir að það geti tekið smá tíma fyrir þessar hugsjónir að veltast um í stjórnsýslukerfinu. Það sé alltaf að gerast meira og meira, maður þurfi bara að leggja krafta í þetta til að byrja með til þess að fá hjólin til að snúast og svo fær maður uppskeruna seinna. „Menningarlegt hlutverk bókasafna hefur stór aukist og það er meiri krafa á að þú sért með viðburði og það er meiri krafa frá samfélaginu að þú sért að bjóða upp á einhverja afþreyingu og ég held að það sé alveg mikilvægt að við séum að bregðast við þessari kröfu samfélagsins til þess að við höldum áfram að vera partur af nútíma samfélagi af því að [...] fullorðið fólk heldur að bókasöfnin séu bara enn þá eins og þau voru þegar þau voru börn en ég held bara að ef þú ert opin fyrir því að bókasöfnin taki þátt í þessari samfélagslegu breytingu þá sérðu strax ávinninginn í því bæði fyrir samfélagið og fyrir þig persónulega,“ segir Urður.

Gefjun segir flesta vera jákvæða gagnvart bókasafninu hvort sem þeir nota það eða

ekki. „Þeir sem nota bókasafnið eru almennt mjög jákvæðir og mjög þakklátir,“ segir hún. Hún er sjálf í fullu starfi en er svo með annan starfsmann í hlutastarfi. „Við gerum ekkert voðalega mikið fyrir utan þessi föstu hefðbundnu störf,“ segir Gefjun. Urður og Vanda taka í sama streng og minnst á að erfitt sé að sinna svona mörgum verkefnum. Urður minnst á að það sé gallinn við þessi litlu sveitarfélög að allir eru að vinna að svo mörgum verkefnum í einu. Jákvæði hluturinn er hins vegar að mikil nálægð er við samfélagið sem gerir það að verkum að hægt er að þjónusta hvern og einn gríðarlega persónulega. „Oft getur það verið svolítið lýjandi að geta ekki bara séð um þetta og þurfa að kunna allt hitt líka,“ segir Urður. „Það er bara, allir eiga bara að kunna allt.“ Vanda minnst einnig á að það sé erfiðara að halda viðburði ásamt því að sinna öðrum daglegum störfum þegar hún er eini starfsmaður bókasafnsins.

Vanda segir bókasafnið hafa verið umdeilt í samfélaginu þegar byggt var nýtt húsnæði fyrir það. „Ég held að fólk viti samt alveg svona af bókasafninu og kannski flestir séu bara ánægðir með það,“ segir hún. Hún bætir við að það sé kannski líka margir sem viti ekki að það séu viðburðir á safninu og að það megi koma til að eyða tíma á safninu. „Það var svolítið alið upp held ég í fólki fyrir löngu síðan á safninu hér að það bara læddist inn og náði sér í bók og læddist út aftur og mátti ekkert tala sko,“ segir Vanda. Hún minnst á það hún sé að reyna að kenna fólki að það megi stoppa og fá sér kaffi og leyfa krökkunum að leika sér.

Frigg segir fólk koma reglulega á bókasafnið og að það sé mjög þakklátt fyrir alla viðburðina sem eru haldnir á safninu. „Ég held að fólk sé mjög þakklátt þegar það fær aftur svona samkomustað að hittast og spjalla og svona,“ segir Frigg. Hún talar um að það hafi verið gagnrýni í samfélaginu á að það sé lítið um að vera og ákall eftir meiri viðburðastarfsemi.

4.3.2 Stuðningur frá bæjarstjórn

Út frá svörum viðmælenda þegar kemur að stuðningi frá bæjarstjórn kemur í ljós að ekki njóta öll bókasöfn jafn mikils stuðnings. Tveir viðmælendur sögðust aldrei heyra frá bæjarstjórn. Vera segir að ekki sé mikill stuðningur frá bæjarstjórn né menningarnefnd. „Þetta er bara sjálfvirkt. Þetta er uppfært á milli ára en bæjarstjórnin er ekkert spes að fylgjast með bókasafninu,“ segir hún. „Ég er svona frekar ein með þetta.“ Gefjun tekur í sama streng. „Ég veit ekkert, bara sé aldrei neinn úr bæjarstjórninni. Þau eru ekki mikið að

skipta sér af okkur hérna sko. En [þau] tala mjög fallega um okkur á tyllidögum sko, það vantar ekki,“ segir Gefjun. Vilma segist í upphafi viðtals hafa góðan stuðning frá bæjarstjórn. „Náttúrulega vilja allir að allir séu að lesa þannig að við reynum allt sem við getum,“ segir hún. Hins vegar virðist sem að stuðningurinn birtist ekki alltaf í verki og þegar líður á viðtalið dregur hún í land. Þá kom betur í ljós að stuðningur bæjaryfirvalda er ekki jafn mikill og Vilma taldi hann vera. Til dæmis þarf að fara í verulegar umbætur á húsnæðinu en ekkert gerist. Einnig nefnir hún að rætt hafi verið um að keypt yrði húsnæði þar sem hægt væri að starfrækja bókasafn, upplýsingamiðstöð og aðra menningartengda starfsemi en ekkert varð úr því. Svo virðist vera sem bæjaryfirvöld séu ekki tilbúin til að leggja fé í húsnæðið og hafa ekki verið tilbúin til þess í gegnum tíðina.

Hinir þrír viðmælendurnir telja bæjarstjórn veita sér góðan stuðning. Urður segist alltaf hafa upplifað stuðning frá bæjarstjórn gagnvart bókasafninu og segir að tekið hafi verið vel í þær breytingar sem hún hefur verið að innleiða á safninu. Hún minnst á að hún væri til í að vera með fleiri starfsmenn eða meira stöðuhlutfall. Oft er hún að sinna alltof mörgum verkefnum í einu og væri til í að hafa fleiri með sér í því „það stafar ekki endilega af skilningsleysi frá bæjarstjórn heldur er það bara [að] þeim er líka bara settar mjög þröngar skorður.“

Frigg segir sveitastjórnendur vera mjög menningarlega þenkjandi og mjög jákvæða í garð bókasafnsins. Hún minnst á að ekki hafi reynt á að safnið þurfi endilega einhvern mikinn fjárstuðning en að þau séu vel sett. „Ég efast ekki um að ef ég myndi fara út í einhverjar stærri aðgerðir [...] þá myndi ég fá jákvæð viðbrögð,“ segir Frigg.

4.3.3 Framtíðarsýn

Framtíðarsýn viðmælenda er mjög misjöfn. Allt frá því að vera ekki bjartsýn á framtíðarhorfum bókasafnsins yfir í hugmyndir um opið bókasafn og endurnýtingu, sjálfbærni og að þróast út í menningarmiðstöðvar. Af svörum viðmælenda sést að flestir horfa í átt til þeirrar þróunar sem er nú þegar í gangi. Bókasöfn gegna svo miklu stærra hlutverki en bara útlán á bókum. Þau eru staður menningar, jafnréttis og nýsköpunar þar sem allir eru velkomnir. Söfnin koma líklegast til með að þróast enn þá meira í komandi framtíð og verður spennandi að sjá hvað gerist.

Framtíðarsýn Vöndu fyrir bókasafnið er að það verði vel þekkt í samfélaginu, að fólk viti af því og að það sé velkomið á safnið. Að fólk geti komið á safnið og átt saman

góðar stundir. Vilma er hins vegar ekki bjartsýn á framtíðarhorfur bókasafnsins. „Ef það heldur áfram eins og er í dag, ef ég fæ ekki ungt fólk inn [...] þá held ég að við séum ekkert í neitt rosalega góðum málum,“ segir Vilma.

Vera minnst á sameiningu sveitarfélaga á næstu tíu til fimmtán árum og segir framtíðarsýn sína fyrir bókasafnið vera að söfnin sameinist þannig að það verður ein yfirstjórn og síðan starfsstöðvar. „Það kannski breytir ekki miklu, maður mun verða með aðstöðu en það verður þá ekki þessi skylda að vera með svona mikinn bókakost, safnkost, á öllum stöðum. Hann róterar þá meira, það léttir mikið á.“ Hún bætir við hugleiðingum um hvort eitt aðalsafnið myndi þá geyma allan safnkostinn eða hvort hann yrði geymdur á mörgum stöðum.

Urður segir frá fimm til tíu ára plani sem hún hefur fyrir bókasafnið, planið er að styrkja grunninn, styrkja kjarnann og halda áfram að „skreyta tréð“ smekklega. Hana langar til þess að bókasafnið þjóni sterkari tilgangi í umræðum um loftlagsmál og sjálfbærni. Hún minnst á það að öllum sveitarfélögum er gert að mynda sér loftlagsstefnu og þar gegna bókasöfnin ákveðnu hlutverki. Þau hafa sett upp metnaðarfulla áætlun um hvernig þau geti gert það og þá er þetta ákveðin hringrás. Fyrst og fremst þarf að hafa safnkostinn sem býður fram upplýsingarnar. Svo þarf að miðla þeim á einhvern hátt, hvort sem það er í gegnum námskeið eða fyrirlestra eða eitthvað annað. Því næst langar þeim að bjóða upp á einhverja verklega kennslu þar sem fólk getur komið og fengið að prófa sjálft. Hún nefnir sem dæmi gróðurkassa þar sem fólk fær að prófa að gróðursetja og fá uppskeru. Þau myndu svo vilja bjóða upp á leiðir til að nota það sem fólk uppsker. Til dæmis í matreiðslu. „Fyrir mér er bókasafnið að færa sig meira inn í þessa átt að fóstora þetta sjálfbæra hugtak og sjálfbærni getur náttúrulega ekki bara verið að gróðursetja og uppskera, hún getur líka verið félagsleg og hún getur snúist um að endurnýja og hún getur snúist um bara í raun og veru þessa samfélagslegu breytingu sem við erum að fara inn í,“ segir Urður og bætir við að „það er svona framtíðarsýn okkar fyrir bókasafnið, grænni skref og meiri endurnýting af því að bókasafn er náttúrulega bara ekkert annað en risastórt deiliahagkerfi og [...] það er svona eina samþykktá viðurkennda samfélagslega deiliahagkerfið okkar og hefur alltaf verið að við erum að samnýta bækur.“ Hún minnst einnig á að það sé einmitt það sem hún kennir leikskólabörnunum þegar þau koma í heimsóknir á bókasafnið. Að við eigum bækurnar öll saman þannig að við verðum öll að passa upp á að farið sé vel með þær.

Gefjun lýsir framtíðarsýn sinni fyrir bókasafnið og segir að hún vilji að fólk geti

komið allan sólarhringinn og að safnið sé opið fyrir alla og að fólk sé óhrætt við að koma. Hana langar að hafa meira skemmtilegt í boði sem er ekki núna. „Þetta er svo sem engin svona sérstaklega mótuð framtíðarsýn,“ segir Gefjun, „hún er svolítið hérna bara bundin af einhverjum kassa sko sem er húsnæðið.“

Frigg segir að framtíðarsýn sín fyrir bókasafnið sé að „verða svolítið svona menningarsetur meira og horfa víðara en að vera bara bókasafn að leigja út bækur.“ Hún segir að lykilhlutverkið verði alltaf útlán á safnkostinum þrátt fyrir að áherslurnar breytist. Hún telur framtíð bókasafna sé að snúast meira í áttina að menningarmiðstöðvum. „Ég held að til þess að bókasöfn haldi lífi þá þurfi þau að vera meira að fólk vilji sækja þau, það þarf að vera eitthvað um að vera [...] til þess að fólk sæki þangað,“ segir Frigg.

5 Umræða

Í þessum kafla verða niðurstöður rannsóknarinnar lagðar fram og settar í samhengi við fræðilega umfjöllun. Leitast verður eftir að svara rannsóknarspurningunum þremur: 1) Hvert er viðhorf starfsfólks almenningsbókasafna á landsbyggðinni til þróunar á starfsemi? 2) Hvernig telur starfsfólkið stöðu bókasafnanna vera í samfélaginu þar sem þau eru rekin? 3) Hver er framtíðarsýn starfsfólksins varðandi starfsemi bókasafnanna?

5.1 Viðhorf til þróunar á starfsemi

Niðurstöður sem fengust úr þessum sex viðtölum sýna fram á að viðhorf starfsfólks bókasafna á landsbyggðinni til starfseminnar er ekki samhljóma en þó eru allir þátttakendur sammála um mikilvægi þess að hafa góða aðstöðu til þess að geta veitt betri þjónustu.

Í rannsókn Audunson, Hobohm og Tóth frá 2020 kemur fram að hlutverk bókasafna sé að breytast og að fagsviðið hafi orðið fyrir miklum hugmyndafræðilegum breytingum. Auk þess að varðveita og efla menningararf og vera fræðsluvettvangur er nú einnig lögð áhersla á hlutverk þessara stofnana sem fundarstaðar og vettvangs sem heldur uppi hugmyndinni um almannarými með því að viðhalda lýðræðislegum gildum í samfélaginu (Audunson o.fl., 2020). Viðhorf viðmælenda í rannsókninni endurspeglar þessi gildi. Lögð er áhersla á að fólk eigi að geta komið inn á söfnin og sest niður, jafnvel fengið sér kaffi eða bara hist og spjallað. Til þess að það sé hægt þarf aðstaðan að vera góð. Bókasafnið eigi því að vera staður lýðræðis þar sem allir eru velkomnir. Það samræmist einnig kenningum Ray Oldenburg (1997) um þriðja staðinn og Habermas (1989) um almannarýmið sem fjallað var um í kafla 2.

Fram kom í rannsókninni að safnkosturinn verði alltaf kjarni starfseminnar en að viðburðir séu góð leið til að lokka fólk inn á safnið. Það stemmir við orð Pálínu Magnúsdóttur (2016), borgarborgavardar, um að bókaskosturinn sé grunnvara bókasafna en að áherslurnar séu að færast frá bókakostinum yfir í fjölbreyttari starfsemi.

Gerð var rannsókn á afstöðu starfsfólks almenningsbókasafna í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi til starfsemi leshringja. Þar kom í ljós að í stærri samfélögum á Íslandi teljast leshringir gegna mikilvægu hlutverki í þjónustu og starfsemi safnanna. En í smærri

samfélögunum finnst starfsfólkinu hins vegar leshringir ekki gegna jafn mikilvægu hlutverki (Rydbeck o.fl, 2022). Til þess að hægt sé að halda úti leshringjum þarf húsnæði bókasafna að bjóða upp á slíkt og opnunartíminn þarf einnig að veita svigrúm til þess. Það var ekki raunin hjá öllum bókasöfnunum sem tóku þátt í rannsókninni og ljóst er að töluverður aðstöðumunur er á milli þeirra. Óhjákvæmilega hlýtur sá rammi sem opnunartími og húsnæði skapar að hafa áhrif á hugmyndir starfsfólks um áherslur í starfsemi bókasafna á landsbyggðinni. Opnunartími safnanna er misjafn og á sumum þeirra er hann mjög takmarkaður og býður ekki upp á meira en þá hefðbundnu þjónustu að lána út bækur. Í yfirlýsingu UNESCO kemur fram að mikilvægt sé að opnunartími mæti kröfum notenda til þess að allir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að bókasafninu (UNESCO, 1994). Augljóst er að það hversu mikinn opnunartíma hægt er að bjóða upp á hefur einhver áhrif á þjónustu bókasafna. Í rannsókn Öldu Davíðsdóttur (2016) á viðhorfi íbúa sveitarfélagsins Vesturbyggðar til bókasafns- og upplýsingaþjónustu gáfu niðurstöður til kynna að takmarkaður opnunartími og lélegt aðgengi séu ástæður fyrir því að fólk nýtir sér ekki bókasöfnin. Þá minnst hún á það að þetta séu þættir sem sveitarfélög ættu að geta komið í betra horf án gríðarlegs tilkostnaðar.

Húsnæðið setur starfsfólki einnig takmörk og kemur það skýrt fram í viðtölunum. Tveir viðmælendur segjast ekki geta boðið upp á neins konar viðburðartengda starfsemi vegna plássleysis og almennt lélegrar aðstöðu. Þá eru hin söfnin heldur heppnari með stærra og nýlegra húsnæði sem býður upp á fleiri möguleika í starfseminni.

Tvö mismunandi sjónarmið komu fram varðandi það hvaða þjónustu viðmælendum finnist almenningsbókasöfn eigi að bjóða upp á. Annars vegar var það að grunnþjónusta safnanna yrði alltaf hin hefðbundna þjónusta, útlán á bókum og upplýsingaleit. Hins vegar var það að almenningsbókasöfn eigi að sinna víðara hlutverki en útláni á bókum. Til dæmis bjóða upp á viðburði og smiðjur og vera með aðstöðu fyrir ýmsa fundi og hópstarfsemi eins og þróunaklúbba og leshringi. Það samræmist fimmta lögmáli Ranganathan (1963) um að bókasöfn séu í stöðugri þróun.

Eins og fram hefur komið var lögð áhersla á mikilvægi safnkostsins og að hann væri þungamiðjan í starfsemi bókasafnanna. Í viðtölunum kom upp umræða um Storytel og hvernig tilkoma hljóðbókaveitunnar hefur áhrif á aðsókn á almenningsbókasöfn. Fram kom að það sé spurning um réttindamál að fá inn aukið aðgengi að hljóðbókum fyrir almenningsbókasöfn. Það að aðgengi að bókum sé farið að snúast um það hvort fólk hafi efni á því að vera með áskrift eða ekki er alvarlegt mál. Í bókasafnalögum nr. 150/2012

segir að bókasöfnum beri að „veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi.“ Þar segir einnig „Hlutverk bókasafna er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Áhersla skal lögð á að safnkostur bókasafna endurspegli sem flest sjónarmið.“ Til að bókasöfn geti framfylgt því sem lögin gera ráð fyrir er því afar mikilvægt að fundin sé lausn sem gerir þeim kleift að bjóða upp á úrval hljóðbóka.

5.2 Staða almenningsbókasafna í samfélaginu

Niðurstöðurnar leiddu í ljós að staða almenningsbókasafna á landsbyggðinni er mjög misjöfn og er margt sem spilar þar inn í. Í yfirlýsingu UNESCO (1994) kemur fram að allir íbúar sveitarfélags skuli eiga greiðan aðgang að almenningsbókasafni. Til þess að það sé hægt þarf bókasafnið að vera vel staðsett, hafa góða lestrar- og námsaðstöðu og viðunandi tæknivæðingu. Svo virðist vera að þau bókasöfn sem hafa góðan stuðning frá bæjarstjórn séu í töluvert betra húsnæði en söfnin sem upplifa lítinn eða engan stuðning frá bæjarstjórn.

Í lögum um almenningsbókasöfn nr. 22/1963 og nr. 36/1997 kom fram að sveitarfélög eigi að sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði. Enn fremur kom fram í lögum nr. 36/1997 að við hönnun bókasafnsbygginga, kaup eða leigu húsnæðis fyrir bókasafn, skuli þess gætt að safnið sé öllum aðgengilegt. Í núgildandi lögum virðist hafa dregið úr kröfum til húsnæðis almenningsbókasafna. Í 11. grein bókasafnslaga nr. 150/2012 stendur einungis að búnaður bókasafna, húsnæði og safnkostur skuli taka mið af hlutverki þeirra hvers um sig. Þá er hvergi ákvæðið um að safnið sé öllum aðgengilegt sem kom fram í fyrri lögum frá 1997. Rúm tíu ár eru síðan núgildandi bókasafnalög voru gefin út og kannski kominn tími á að endurskoða þau með tilliti til þeirra breytinga sem hafa orðið í bókasafnaheiminum síðustu ár.

Rauði þráðurinn í öllum viðtölunum voru húsnæðismálin og kom skýrt í ljós hvað það skiptir miklu máli að hafa góða aðstöðu til að geta tekið á móti fólki og veitt góða og fjölbreytta þjónustu. Fram kom að aðlaga þurfi starfsemina að húsnæðinu og virðist það vera tilfellið þegar annað húsnæði stendur ekki til boða. Jochumsen (2012) telur upp fjögur svæði sem hann telur að vera til staðar á hverju safni. Það eru skapandi svæðið, námssvæðið, fundarsvæðið og gjörningasvæðið. Með skapandi svæðinu á hann við rými innan safnsins þar sem hægt er að halda ýmsa viðburði. Námssvæðið ætti að vera svæði þar sem nemendur geta komið og lært í friði og ró á safninu. Fundarsvæðið er opið almenningsvæði, staður mitt á milli vinnu og heimilis þar sem almenningur getur hist,

fengið sér kaffi og spjallað. Með gjörningasvæðinu á hann svo við vettvang fyrir miðlun og listsköpun sem undirstrikar þátttöku og nýsköpun innan safnanna til dæmis með ýmsum vinnustofum og smiðjum. Það er ljóst út frá svörum viðmælenda að ekkert safnanna hefur öll þessi svæði til umráða sem Jochumsen talar um.

Aðsóknin hefur minnkað töluvert hjá þeim tveimur bókasöfnum sem ekki virðast hafa stuðning bæjaryfirvalda. Þessi tvö söfn sinna eingöngu þeirri hefðbundnu þjónustu sem minnst er á hér að ofan. Þá geta þau ekki boðið upp á nokkurs konar viðburðastarfsemi vegna lélegrar aðstöðu og plássleysis. Á öðru safni eru haldnir viðburðir en viðmælandi tók fram að rýmið býður eiginlega ekki upp á að hægt sé að halda þar fjölmenna viðburði. Hin þrjú söfnin eiga það sameiginlegt að vera í töluvert stærra og nýlegra húsnæði sem byggt var með það í huga að þar yrði starfrækt bókasafn. Þau hafa því meiri möguleika á að bjóða upp á viðburði ásamt því að lánþegar geta komið á söfnin og eytt þar tíma þar sem aðstaðan er nokkuð góð.

Öll söfnin nýta samfélagsmiðla til að auglýsa starfsemina og vekja athygli á bókasafninu í samfélaginu en misjafnt er hversu dugleg söfnin eru að setja inn efni. Til dæmis eru þau bókasöfn sem eru með virka viðburðastarfsemi duglegri að auglýsa safnið en þau sem bjóða ekki upp á neins konar viðburði. Markaðssetning er orðin stór hluti af starfsemi bókasafna í dag. Með því að auglýsa starfsemi safnanna er kannski frekar hægt að ná til þess hóps sem er ekki að koma á söfnin (Ingibjörg Rögnvaldsdóttir o.fl., 2016).

Lankes (2011) segir bókasöfn eiga að vera samfélagsmiðuð í starfi sínu. Til að hægt sé að uppfylla þarfir samfélagsins þarf hins vegar að vera fyrir hendi skilningur á því hvaða hvatir knýja samfélagið áfram. Það að skilja áhuga og hvatir samfélagsins getur hjálpað til við meira en bara að markaðssetja safnið til að fá inn nýja lánþega. Það getur til að mynda nýst starfsfólki við að bæta ýmsa aðra þætti starfsins, svo sem að skipuleggja betri dagskrá og viðburði og byggja upp betra rými.

Það var samhljóða niðurstaða að breyta mætti aðstöðunni eða betrubæta á einn eða annan hátt til að styðja betur við breyttar þarfir notenda. Húsnæðið hefur óneitanlega mikil áhrif á starfsemina sem söfnin geta boðið upp á og þar sem stöðu þeirra í samfélaginu. Þetta styður við rannsókn Ásdísar Helgu Árnadóttur (2013) þar sem fram kemur að rýmið og húsnæðið sem almenningsbókasöfn hafa til umráða spila stórt hlutverk í allri þeirri starfsemi sem fer fram innan veggja þeirra. Rýmið mótar möguleika safnanna til þess að auka, bæta og breyta þjónustu sinni en það getur einnig haft hamlandi áhrif á þjónustuna sé það ekki nógu gott.

Víða hefur það sjónarmið verið ríkjandi í gegnum tíðina að gott sé að reka bókasafn samhliða annarri starfsemi. Harris (2007) talar til dæmis um að rekstur kaffihúss samhliða bókasafni auki gæði og aðsókn á safnið. Hugsunin er sú að þegar bókasafn er staðsett nálægt miðbæ eða í verslunarmiðstöð þá aukist aðsókn á safnið vegna þess að fólk skreppur inn í leiðinni. Til þess að þetta geti virkað þarf húsnæðið að vera í stakk búið til að hýsa alla þessa starfsemi. Í viðtölunum komu fram tvö ólík sjónarmið hvað þetta varðar. Annars vegar var hluti viðmælenda sammála því að kaffihús gæti auki aðsókn á bókasafnið. Hins vegar kom líka fram það sjónarmið að rekstur kaffihúss í sama húsi og bókasafn geti haft neikvæð áhrif á starfsemi safnsins. Ef húsnæðið er of lítið til að hægt sé að starfrækja bæði bókasafn og kaffihús ásamt annarri menningartengdri starfsemi getur slíkt gerst. Goulding (2016) talar um þetta atriði í bók sinni *Public Libraries in the 21st Century*. Þar nefnir hún að það geti haft neikvæð áhrif að starfrækja bókasafn í námunda við aðra starfsemi þar sem það gæti ýtt undir neysluhyggju með því að hin starfsemin eigi fyrsta réttinn til að selja eitthvað. Þetta stemmir ekki við ímynd almenningsbókasafna sem eiga að vera hlutlausir og aðgengilegir staðir þar sem ekki er ætlast til að fólk eyði pening.

Það kom skýrt fram í viðtölunum að þau almenningsbókasöfn sem eru í stærra húsnæði og staðsett undir sama þaki og önnur menningartengd starfsemi séu betur í stakk búin til að veita fjölbreyttari þjónustu. Það sem spilar þar inn í annað en góð aðstaða og staðsetning innan bæjarfélagsins er fjöldi starfsmanna eða hversu mörg stöðugildi safnið hefur. Það segir sig sjálf að þar sem fleiri starfsmenn eru við vinnu gefst meiri tími til að sinna fjölbreyttari verkefnum. Það er nánast ómögulegt fyrir einstakling í hlutastarfi að sinna útláni, skilum og upplýsingaleit ásamt því að skipuleggja viðburði, vinna að innkaupastefnu og grísjunaráætlun og annað sem felst í rekstri bókasafns. Niðurstöður leiddu einnig í ljós að bókasöfn landsbyggðarinnar geta talist einmanaleg þar sem aðeins einn starfsmaður er við störf. Það getur haft neikvæð áhrif á líðan starfsfólks að vinna einn allan daginn og getur gert það að verkum að það upplifi starfið sem mjög einmanalegt.

5.3 Framtíðarsýn

Þegar rætt var um framtíð safnanna komu nokkur sjónarmið í ljós. Flestir viðmælendur voru bjartsýnir á framtíðarhorfur bókasafnsins en misjafnt var hver stefna þeirra var. Meðal annars komu fram hugmyndir um opið bókasafn, endurnýtingu, sjálfbærni og þróun bókasafna yfir í menningarmiðstöðvar. Aðeins einn viðmælendanna var frekar svartsýnn á

framtíðarhorfur hjá sínu safni. Sjónarmið þeirra viðmælanda sem starfa á fámennari söfnum var svipað og það sama má segja um sjónarmið viðmælanda á fjölmennari söfnunum. Þá má það teljast eðlilegt að starfsfólk á söfnum með færri starfsfólki hafi heldur hógværingu framtíðaráætlanir en þar sem fjöldi starfsfólks er meiri.

Allir viðmælendur voru á sama máli um að vilja fá fólk inn á safnið, að fólk viti af safninu og að allir séu velkomnir. Hins vegar komu fram ólíkar skoðanir á því hvernig ætti að fá fólk til að koma á bókasöfnin. Í rannsókn Öldu Davíðsdóttur (2016) kom fram að íbúarnir vilji fjölbreyttari þjónustu og aðstöðu en boðið er upp á. Þá gæti aukið úrval þjónustubátta stækkað notendahópinn. Sömu sjónarmið komu fram í þessari rannsókn sem styður við niðurstöðurnar hjá Öldu. Flestir viðmælendur voru á þeirri skoðun að til þess að bókasöfn haldi lífi þurfi að vera eitthvað um að vera til að vekja áhuga fólks og laða það að. Það er því ljóst að mikilvægt er að leita leiða til að lítil almenningsöfn á landsbyggðinni geti haldið uppi nútímalegri þjónustu sem er í takt við áhuga og þarfir íbúanna.

6 Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um stöðu almenningsbókasafna á landsbyggðinni ásamt viðhorfi starfsfólks safnanna til starfseminnar, þróunar hennar og framtíðarsýnar. Rannsóknin er byggð á sex viðtölum sem gerir hana takmarkaða. Með því að taka viðtöl við fleiri starfsmenn almenningsbókasafna á landsbyggðinni má gera ráð fyrir að meiri dýpt hefði fengist varðandi þau sjónarmið sem sett voru fram. Einnig er hugsanlegt að fleiri sjónarmið hefðu komið fram. Ekki er hægt að alhæfa neitt út frá niðurstöðum en þær gefa ákveðna innsýn í stöðu almenningsbókasafna á landsbyggðinni.

Helstu niðurstöður benda til þess að staða almenningsbókasafna á landsbyggðinni sé misjöfn. Það sem virðist hafa mest áhrif á stöðu safnanna er hversu mikinn stuðning þau fá frá bæjaryfirvöldum og hversu góða aðstöðu þau hafa. Fram kom að á þeim stöðum þar sem stuðningum frá bæjaryfirvöldum er lítill sem enginn eru söfnin oftast en ekki í of litlu húsnæði. Þá kemur aðstaðan í veg fyrir að hægt sé að bjóða upp á alla þá þjónustu sem fylgir breyttu hlutverki bókasafna. Einnig hefur opnunartími safnanna mikið að segja fyrir starfseminna. Það segir sig sjálft að erfiðara er að bjóða upp á fjölbreytta starfsemi ef safnið er aðeins opið í tvo klukkutíma á dag.

Bókasöfn þurfa sífellt að aðlaga sig að breyttum tímum og breyttum þörfum notenda. Viðmælendur voru sammála um að hlutverk bókasafna í samfélaginu sé í mikilli þróun og að menningarlegt hlutverk bókasafna hafi stóraukist. Hins vegar hafa ekki allir viðmælendur tímann, aðstöðuna og fjármagnið til að geta haldið í við þessar breytingar.

Ljóst er út frá niðurstöðum þessarar rannsóknar að ýmislegt er hægt að gera til að bæta stöðu bókasafna í samfélaginu þar sem þau eru rekin. Bæta þarf opnunartíma og aðgengi að söfnunum til að geta veitt betri þjónustu og til þess að allir íbúar sveitarfélaganna hafi jafnt aðgengi að bókasöfnum. Almenningsbókasöfnum er ætlað að vera hjarta samfélagsins og ættu bæjaryfirvöld að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að styðja við söfnin svo íbúar njóti góðs af.

Heimildaskrá

- Alda Davíðsdóttir. (2016). Viðhorfskönnun meðal íbúa Vesturbyggðar fyrir bókasafns- og upplýsingaþjónustu (óútgefin meistararitgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/24297> Artótek. (e.d.) Hvað er Artótekið? <https://www.artotek.is/node/3>
- Audunson RA, Aabø S, Blomgren R, Evjen S, Jochumsen H, Larsen H, Rasmussen CH, Vårheim AV, Johnston J, Koizumi M. (2019). Public libraries as an infrastructure for a sustainable public sphere: A comprehensive review of research. *Journal of Documentation*, 75(4), 773-790.
- Audunson, R., Hobohm, H. og Tóth, M. (2020). 8 LAM Professionals and the Public Sphere. In R. Audunson, H. Andresen, C. Fagerlid, E. Henningsen, H. Hobohm, H. Jochumsen, H. Larsen og T. Vold (Ed.), *Libraries, Archives and Museums as Democratic Spaces in a Digital Age* (165-184). De Gruyter Saur. <https://doi.org/10.1515/9783110636628-008>
- Ágústa Pálsdóttir og Jóhanna Gunnlaugsdóttir. (2014). Tímamót í sögu námsgreinar: Upplýsingafræði í Háskóla Íslands. *Bókasafnið*, 38(1), 53-63.
- Ásdís Helga Árnadóttir. (2013). Almenningsbókasöfn sem torg mannlífs: Nýting rýmis almenningsbókasafna út frá starfsemi þeirra og hugmyndum um söfnin sem þriðja staðinn (óútgefin meistararitgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/16411>
- Borgarbókasafnið. (2023). *Hlutir að láni á Hringrásarsafninu | Grófin og Gerðuberg*. <https://borgarbokasafn.is/starfid-a-safninu/vid-maelum-med/hlutir-ad-lani-hringrasarsafninu-grofin-og-gerduberg>
- Borgarbókasafnið A. (e.d.) *Hljóðverið Úlfarsárdal*. <https://borgarbokasafn.is/um-verkstaedi/hljodverid-ulfarsardal>
- Borgarbókasafnið B. (e.d.). *Klúbbarnir okkar*. <https://borgarbokasafn.is/klubbarnir-okkar>
- Borgarbókasafnið C. (e.d.). *Spilum og spjöllum á íslensku*. <https://borgarbokasafn.is/spilum-og-spjollum-islensku>
- Bókasafn Hafnarfjarðar. (e.d.). *Rabbrýmið - Hlaðvarpsstúdíó*. <https://bokasafnhafnarfjardar.is/thjonusta/rabbrymid/>
- Bókasafnalög nr. 150/2012

- Eyrún Ýr Tryggvadóttir. (2011). Sá sem á garð og bókasafn þarfnast einskis frekar: Hugleiðingar um mikilvægi bókasafna. *Bókasafnið*, 35(1), 48.
- Friðrik G. Olgeirsson. (2004). *Á leið til upplýsingar*. Reykjavík: Upplýsing – Félag bókasafns- og upplýsingafræða.
- Goulding, A. (2016). *Public Libraries in the 21st Century: Defining Services and Debating the Future* (1st ed.). Routledge.
- Habermas, J. (1989 [1962]) *The Structural Transformation of the Public Sphere: an Inquiry into a Category of Bourgeois Society*. Cambridge: Polity Press.
- Harris, C. (2007). Libraries with lattes: the new third place. *Australasian Public Libraries and Information Services*, 20(4), 145+. <https://link.gale.com/apps/doc/A172010485/AONE?u=googlescholar&sid=bookmark-AONE&xid=2010c97a>
- Ingibjörg Rögnvaldsdóttir, Lísá Zachrison Valdimarsdóttir, & Egill Örn Jóhannsson. (2016). Framtíð fagsins, hvar stöndum við nú og hvað ber að gera? *Bókasafnið*, 40(1), 7-9.
- Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. (1997). Upphaf og þróun lestrarfélaga. Í Guðrún Pálsdóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir (ritstj.). *Sál aldanna: Íslensk bókasöfn í fortíð og nútíð*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 25-37.
- Jochumsen, Henrik, Casper Hvenegaard Rasmussen, & Skot-Hansen, D. (2012). The four spaces - a new model for the public library. *New Library World*, 113(11/12), 586-597. <https://doi.org/10.1108/03074801211282948>
- Johnston, J., Pálsdóttir, Á., Mierzecka, A., Audunson, R.A., Hobohm, H.-C., Rydbeck, K., Tóth, M., Hvenegaard Rasmussen, C., Jochumsen, H., Khosrowjerdi, M. And Evjen, S. (2022). Public librarians' perception of their professional role and the library's role in supporting the public sphere: a multi-country comparison. *Journal of Documentation*, 78(5), 1109-1130. <https://www.emerald.com/insight/content/doi/10.1108/JD-09-2021-0178/full/html>

- Jóhanna Gunnlaugsdóttir. (2006). Annáll: Bókasafns- og upplýsingafræðikennsla í 50 ár. *Bókasafnið*, 30(1), 2-7.
- Kneale, R. (2009). *You don't look like a librarian: Shattering stereotypes and creating positive new images in the internet age*. New Jersey: Information Today, Inc.
- Lankes, David R. *The Atlas of New Librarianship*. (2011). The MIT Press.
- Lög um almenningsbókasöfn nr. 22/1963
- Lög um almenningsbókasöfn nr. 36/1997
- Lög um almenningsbókasöfn nr. 42/1955
- Lög um almenningsbókasöfn nr. 50/1976
- Lög um bókasafnsfræðinga nr. 97/1984
- Lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir nr. 57/1937
- Lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir nr. 1/1944
- Margrét Sigurgeirsdóttir. (2012). Ímynd bókasafns- og upplýsingafræðinga. *Bókasafnið*, 36(1), 18-21.
- Oldenburg, R. (1997). *The great good place: Cafes, coffee shops, community centers, beauty parlors, general stores, bars, hangouts, and how they get you through the day*. New York: Marlowe.
- Pálína Magnúsdóttir. (2016). Borgarbókasafnið - Ný stefna, nýir tímar. *Bókasafnið*, 40(1), 18-19.
- Ranganathan, S. R. (1963). *The five laws of library science* (2. útgáfa). Bombay; London: Asia Publishing House.

- Rydbeck, K., Johnston, J., Pálsdóttir, Á., Khosrowjerdi, M., Vårheim, A., Audunson, R., Hvenegaard Rasmussen, C. og Jochumsen, H. (2022). Social reading and the public sphere in Nordic public libraries: A comparative study. *Information Research*, 27(Special issue). <http://informationr.net/ir/27-SpIssue/CoLIS2022/colis2234.html>
- Sigrún Klara Hannesdóttir. (2006). Í alþjóðlegu samstarfi spretta hugmyndir upp eins og blóm. *Bókasafnið*, 30(1), 8-12.
- Sigrún Klara Hannesdóttir. (1997). Kennsla í bókasafns- og upplýsingafræði 1956-1996. Í: Guðrún Pálsdóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir (ritstj.). *Sál aldanna: Íslensk bókasöfn í fortíð og nútíð*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 1997, 403-415.
- Snæfríður Þóra Egilson. (2006). Á heimavelli. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun: hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*. (bls. 107-121). Háskólaútgáfan.
- Sólveig Þorsteinsdóttir. (1983). Framtíð bókavarða í tölvuvæddu bókasafni. *Bókasafnið*, 7(1), 19.
- Sunna Njálisdóttir og Helga Jónsdóttir. (2014). Almenningsbókasöfn - mikilvægur fjársjóður til framtíðar: Málþing um málefni almenningsbókasafna á Íslandi. *Bókasafnið*, 38(1), 80-83.
- Sveinn Ólafsson. (2016). Dómur um atvinnuréttindi. *Bókasafnið*, 40(1), 21.
- Taylor, S. J, Bogdan, R og DeVault, M. L. (2016). Introduction to Qualitative Research Methods. A Guidebook and Resource. John Wiley & Sons, INC.
- UNESCO. (1994). Yfirlýsing UNESCO um almenningsbókasöfn. <https://upplysing.is/yfirlýsing-unesco-um-almenningsbokasofn/>